

LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 4. TBL. 16. ÁRG. 2010



MIKILL ÁHUGI Á
MILLIDÓMSTIGI



VANDINN AÐ VERA
LÖGMAÐUR



Af vettvangi félagsins

Borgar Þór Einarsson: Leiðari	4
Brynjar Níelsson: Pistill formanns	19
Eyrún Ingadóttir: Fréttir frá félagsdeild	23

Umfjöllun

Ragnheiður Bragadóttir: Norrænar rannsóknir í afbrotafraeði hafa mikla þýðingu fyrir Ísland	6
Kristín Edwald: Fjörugar umræður á fjölmennu málþingi um millidómstig	20
Ingvi Snær Einarsson: Mikilvægi sundurliðunar reikninga	26
Margrét Gunnarsdóttir: Evrópudómstóllinn segir sitt síðasta orð	28

Aðsent efni

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson: Vandinn að vera lögmaður	12
Reimar Pétursson: Seðlabanki Íslands leggur á fjötra án heimilda	14
Þórður S. Gunnarsson: Um gæði laganáms	24

Á léttum nótum

Tónverk ostar og vín	8
Líf leynist í lögmönnum	9
Úr myndasafni: Úr knattspyrnusögu LMFÍ	13
Mörður	27

Lögmannafélag Íslands
Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:
Borgar Þór Einarsson

BLAÐAMADUR:
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:
Brynjar Níelsson hrl., formaður
Katrín Helga Hallgrímsdóttir hdl,
varaformaður
Jónas Þór Guðmundsson hrl, ritari
Ólafur Eiríksson hrl., gjaldkeri
Hörður Felix Harðarson hrl.,
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri.
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild.
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari

FORSÍÐUMYND:
Helgi Kristinn Halldórsson

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn
kr. 2000,- + vsk.
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:
ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:
Öflun ehf.
Sími 533 4440
ISSN 1670-2689



Með lögum skal land byggja.
Okkar hlutverk er að tryggja.

Tryggingar fyrir lögmenn

Starfsemi lögmanna er mjög margbætt og váttryggingabörfin fjölbreytt. VÍS býður lögbundna starfsábyrgðartryggingu auk annarra trygginga sem hæfa starfsemi lögmanna. Einnig býður VÍS fjölbreytt úrval trygginga fyrir einstaklinga og hvers kyns fyrirtæki.

Pú færð nánari upplýsingar á næstu þjónustuskrifstofu eða hjá fyrirtækjþjónustu VÍS í síma 560 5000.



Heimatilbúið réttlæti og grundvallarreglur

RÉTTLÆTIÐ ER VANDMEÐFARIÐ hugtak. Jafnt í minnstu deilum og í stærstu hildarleikjum sögunnar – báðir aðilar telja jafnan réttlætið sín megin. Ef ekkert annað kæmi til myndi aflsmunur ráða því hvors réttlæti næði fram að ganga þegar tveir aðilar deila. Mjög snemma áttaði manneskjan sig á þessu og lögfræði varð til.

Á þessum vettvangi hefur því verið haldið fram allar götur frá bankahruninu að lögmenn og aðrir þjónar réttarríkisins myndu gegna lykilhlutverki við að koma í veg fyrir að fjárhagslegt áfall bankahrunsins myndi breytast í allsherjarhrun samfélagsins. Tíminn mun leiða í ljós hvort meira tjón hefur orðið á íslenskri samfélagsgerð við bankahrunið eða vegna viðbragða í kjölfar þess, en ljóst er þó að íslenska réttarríkið hefur, þrátt fyrir að hafa svignað undan álaginu á köflunum, staðið undir nafni.

Það hefur ekki gerst fyrirhafnarlaust. Að réttarríkinu er sótt úr öllum áttum. Skortur á viðunandi fjárheimildum hefur stofnað réttaröryggi landsmanna í hættu, kynt hefur verið markvisst

undir vanvirðingu og fyrirlitningu í garð réttarkerfisins og þeirra sem því helga krafta sína, á skelfilega stuttum tíma hafa sjónarmið sem eiga meira skylt við réttarfar miðalda grafið um sig í íslenskri umræðu og svo virðist sem réttarumbætur og –þróun frá upplýsingaöld megi sín lítills í hamslausri síbyljunni. Áfallið frá haustinu 2008 hefur að mörgu leyti kallað fram það versta í íslenskri þjóðarsál.

Góður maður sagði eitt sinn: „You do your worst - and we will do our best.“ Það er ekki til vinsælda fallið að vera á öndverðri skoðun við öskurkór bloggara og sjálfskipaða handhafa réttlætisins í íslenskri þjóðmálaumræðu. Þeir sem hæst láta skipa sínum eigin baráttumálum alla jafna skör hærra en almennum mannréttindum og ef árekstur verður þarna á milli þurfa mannréttindin að þoka fyrir „réttlætinu“. Við þessar aðstæður þurfa allir góðir menn að gera sitt allra besta.

Endurreisn Íslands er vinsælt hugtak sem hver og einn notar til stuðnings baráttumálum sínum, eins og ólík og þau

kunna annars að vera. Sama má segja um réttlætið. Sjálfskipaðar handhafar þess eru alla jafna á öndverðum meidi í íslenskri þjóðmálaumræðu nú um stundir. Á það hvort samfélagið teljist í raun og veru síðað réttarríki er réttlæti það sem býr í brjósti hvers og eins ekki góður mælikvarði. Hornsteinn réttarríkisins er virðing fyrir grundvallarreglum og mannréttindum. Þessi gildi mega ekki þoka fyrir geðshræringu og ofstopa, jafnvel þótt klætt sé í búning réttlætisins.

Á erfiðum tímum eiga margir bágst með að hemja heimatilbúið réttlæti sitt og hinir sömu eiga erfitt með að sætta sig við að grundvallarreglur standi í vegi fyrir því að réttlæti þeirra nái fram að ganga. Munurinn á hinu heimatilbúna réttlæti og því raunverulega felst nefnilega í því að hinu síðarnefnda verður einungis náð fram séu grundvallarreglurnar virtar og mannréttindi sett í öndvegi.

Verði þessu snúið á haus höfum við tapað svo miklu meiru en þeim tölum á blaði sem töpuðust í hruninu.



CREDITINFO
– forskot í krafti þekkingar

90,5%

VIÐSKIPTAVINA ÁNÆGÐIR

DÆMI UM UMMÆLI ÚR ÞJÓNUSTUKÖNNUNINNI



„Fólkið er frábært og yndislegt.
Halda því áfram.“

„Mæli með ykkur og veit að sumir af mínu
fólki og vinum hafa komið til ykkar.“

„Æðisleg þjónusta.“

„Er nýlega flutt yfir til MP banka.
Mjög ánægð og hef engu við það að bæta.
Takk fyrir mig og mína.“

„MP er frábær banki. Takk fyrir mig.“

„Keep up the good work!“

„Starfsfólk bankans á mikið hrós skilið.“

„Svona eiga bankar að vera!“

Samkvæmt nýrri þjónustukönnun eru meira en
90% viðskiptavina okkar ánægðir með þjónustuna.

Við erum stolt af þessum frábæra árangri enda eru viðskipta-
vinir okkar kröfuharður hópur sem hefur reynslu og saman-
burð af viðskiptum við stóru bankana.

Komdu við í útibúum okkar eða hringdu og kannaðu hvers
vegna viðskiptavinir okkar eru svona ánægðir.




BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

6,8%
HVORKI NÉ

2,7%
ÓÁNÆGÐIR



Norrænar rannsóknir í afbrotafræði hafa mikla þýðingu fyrir Ísland

UM SÍÐUSTU ÁRAMÓT flutti Norræna sakfræðiráðið (Nordisk samarbejdsråd for kriminologi, NSfK) aðsetur sitt til Íslands. NSfK var stofnað árið 1962 og er markmið þess að efla norrænar rannsóknir á sviði afbrotafræði, refsiréttar og skyldra greina sem og að veita stjórnvöldum á Norðurlöndum upplýsingar til að byggja á stefnu í löggjöf og afbrotavörnum.

NSfK flytur aðsetur sitt á milli aðildarríkjanna á þriggja ára fresti. Ragnheiður Bragadóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, er annar Íslendingurinn sem veitir ráðinu forstöðu en Hildigunnur Ólafsdóttir afbrotafræðingur veitti því forstöðu 1995-1997. Að sögn Ragnheiðar eru norrænir fræðimenn í refsirétti og afbrotafræði í miklu samstarfi en NSfK veitir meðal annars styrki til rannsókna og stendur einnig sjálft fyrir rannsóknum: „Nú eru starfandi sérfræðingahópar um ýmis rannsóknarverkefni, m.a. efnahagsbrot og skipulagða brotastarfsemi, spillingu, umhverfisbrot, meðferð og úrræði fyrir brotamenn eftir að fangelsisvist lýkur og áhrif kreppu á samfélög á mismunandi tímum. Fræðimenn frá öllum Norðurlöndunum taka þátt í þessum verkefnum. Auk þess stendur NSfK fyrir ráðstefnum til skiptis í

aðildarlöndunum sem hafa það markmið að koma á tengslum milli fræðimanna og þeirra sem vinna í réttarkerfinu. Ráðið gefur út erindi frá öllum ráðstefnum sem það stendur fyrir og skýrslur um niðurstöður rannsóknarhópa. Einnig gefur það út tímaritið Journal of Scandinavian Studies in Criminology and Crime Prevention, þar sem birtar eru norrænar fræðiritgerðir á ensku og loks fréttabréfið Nordisk Kriminologi, sem kemur út mánaðarlega, en þar eru m.a. upplýsingar um nýja löggjöf, rannsóknir og útgáfur. Þá heldur ráðið nú úti öflugri heimasíðu: www.nsfk.org. Þar er gríðarlega mikið af heimildum sem lögfræðingar og allir þeir sem starfa á þessum vettvangi geta nýtt sér.“

Hve margir sitja í ráðinu?

„Það eiga 15 fulltrúar sæti í ráðinu, þrjú frá hverju landi en þar af eru tveir fræðimenn og einn frá dómsmálaráðuneyti hvers lands. Ráðið var stofnað af dómsmálaráðuneytum Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar árið 1962. Fulltrúar Íslands nú eru Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands, og Kristrún Kristinsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmála- og mannréttindaráðuneytinu, auk mín. Síðan höfum við einn starfsmann í hverju landi, auk Grænlands, sem við

köllum “kontaktsekretær”. Þeir eru tengiliðir landanna við skrifstofu ráðsins milli ráðsfunda. Skrifstofa ráðsins hefur aðsetur í því landi sem formaðurinn kemur frá. Hún er nú á 3. hæð í Lögbergi og skrifstofustjóri er Íris Björg Kristjánsdóttir, mannfræðingur.“

Ávinningur ómetanlegur

Með hvaða hætti hefur starfsemi Norræna sakfræðiráðsins þýðingu fyrir íslenskan refsirétt?

„Fræðasamfélagið hér á Íslandi er mjög fámenn og því er samstarf við erlenda kollega grundvallaratriði. Íslensk lögfræði byggir á sama grunni og réttur hinna Norðurlandabjóðanna og þetta eru þær þjóðir sem eru líkastar okkur. Norræn samvinna í refsirétti og afbrotafræði er mjög mikil og við njótum góðs af því öflugra rannsóknarstarfi sem unnið er á Norðurlöndum með þátttöku okkar í NSfK. Sem dæmi má nefna að nú í haust voru kynntar niðurstöður rannsóknar sem gerð var í öllum löndunum á afstöðu almennings til refsinga. Niðurstaðan þar er m.a. sú að fólk telur refsingar vera vægari en þær eru í raun og einnig að þær refsingar sem fólk telur eðlilegar fyrir einstök brot eru vægari en dæmdar refsingar raunverulega eru. Þetta eru mjög merkar niðurstöður og ekki í samræmi við það sem oft er

haldið fram, að almenningur krefjist þyngri refsinga fyrir afbrot. Í síðasta mánuði stóð ég fyrir vinnufundi norræna sérfræðinga í umhverfisrefsirétti og við munum vinna saman að rannsókn á þeim vettvangi. Helgi Gunnlaugsson vinnur með sérfræðingahópi um hrúnið og þar er m.a. finnskur prófessor sem mikið hefur fjallað um finnsku kreppuna. Allar þessar rannsóknir nýtast norrænu þjóðunum við löggjöf og úrræði gegn afbrotum og ávinningur okkar hér á Íslandi af samstarfinu í NSfK er ómetanlegur.“

Áhersla á sýnileika ráðsins

Nú er skrifstofa ráðsins komin með aðsetur við lagadeild Háskóla Íslands. Hyggst þú beita þér fyrir einhverju sérstöku sem formaður?

„NSfK er mjög öflug stofnun og starfið þar umfangsmikið og fjölbreytt, eins og ég hef þegar lýst. Ákveðnir viðburðir hafa líka fyrir löngu unnið sér hefð í starfi ráðsins, t.d. rannsóknarráðstefnurnar, sem eru tilvalinn vettvangur fyrir unga fræðimenn til að kynna rannsóknir sínar. Við hér á Íslandi höldum áfram því mikla og góða starfi sem unnið er á vegum NSfK. Þar að auki viljum við leggja sérstaka áherslu á að kynna starfsemi ráðsins og niðurstöður þeirra rannsókna sem unnar eru á vegum þess, gera þær sýnilegar og aðgengilegar fyrir sem flesta. Liður í því er ný heimasíða sem við opnuðum nú í haust. Hún er í raun víðtækur gagnagrunnur um rannsóknir, útgáfur og upplýsingar á þessu fræðasviði og hefur hagnýtt gildi fyrir alla þá sem starfa

við þennan málaflokk. Auk þessa verður lögð sérstök áhersla á umhverfismál og rannsóknir á því sviði á næstu árum. Ég hef þegar nefnt sérfræðingahópinn sem fjallar um umhverfisbrot en á þessu sviði er einnig starfandi innan NSfK teymi fræðimanna sem hefur aðsetur við lagadeild háskólans í Ósló og vinnur að rannsóknum á sviði umhverfisafbrotasvæði. Loks má nefna að árið 2012 fagnar ráðið 50 ára afmæli og verður haldið upp á það með ýmsum hætti.“

Við varðveitum gögn og önnur verðmæti



Aðeins greitt fyrir notað rými

GAGNAÖRYGGI



Bæjarflöt 4 · 112 Reykjavík · Sími 587 3300 · www.gagnaoryggi.is

BBA

BBA // LEGAL

Höfðatún 2 // 105 Reykjavík // bbaegal.com
23 Berkeley Square // London W1J 6HE // bbaegal.co.uk



Þátttakendur stilltu sér upp í myndatöku að loknum tónleikum.

Í NÓVEMBER hélt félagsdeild óvenjulega uppákomu þegar hún stóð fyrir stofutónleikum Ólafs Reynis Guðmundssonar lögfræðings og píanóleikara á heimili hans í Fossvoginum. Ólafur Reynir er lögfræðingur hjá Samtökum verslunar og þjónustu en auk þess nam hann píanóleik við háskóla í Vín og framhaldsnám við Harvard. Hann kynnti fyrir þátttakendum nokkrar af töfrandi melódíum gömlu meistaranna Chopin og Rachmaninoff auk frumsaminnna tónverka, sem eru einstaklega hugljúf og rómantísk. Á meðan tónleikunum stóð gæddu gestir sér á léttvíni og ostum – og því var um fullkomna blöndu ólíkra hughrifa að ræða.



Ólafur Reynir Guðmundsson við flygilinn.

Tónverk, ostar og vín

Líf leynist í lögmönnum

FÖSTUDAGINN 22. OKTÓBER 2010 fór fram í fyrsta sinn síðan árið 2006 meistaramót LMFÍ í knattspyrnu utan-húss. Mótið lagðist af á sínum tíma vegna áhugaleysis lögmanna og lélegs forms og var ekki fyrir séð að það yrði endurvakið fyrir en Jóhannes Eiríksson ákvað að við svo búíð mætti ekki standa: „Fram þjáðir menn“, „Íslandi allt“, „gerumokkargerumokkar besta“ kallaði hann kotroskinn og viti menn. Líf leyndist í lögmönnum sem spruttu upp af skrifborðsstólunum, greiddu yfir þunnan hvirfilinn, sóttu fótboltaskóna inn í geymslu og mættu á staðinn. Hinn aldni formaður knattspyrnudeildar LMFÍ, Smári Hilmarsson, var einnig mættur í KR gallanum sem saumaður var á öndverðri 20. öld og svo mátti þekkja ýmis andlit manna sem höfðu sparkað í tuðrur frá barnsaldri. Var ekki að sjá annað en að menn væru í fantaformi og svo var tekist á innan vallar af festu en fyllstu háttvísi eins og jafnan þegar lögmenn eiga í hlut.

Fimm lið mættu til leiks; LEX, LOGOS FC, Lögfræðistofa Reykjavíkur/Mörkin lögmannastofa, Regula og vinir og S18. Að venju fór mótið fram á gervigrasvelli Íþróttafélagsins Fram, sem löngum hefur verið kallað Wembley okkar knattspyrnumanna í LMFÍ. Liðin kepptu öll innbyrðis og spiluðu fjóra leiki hvert.

ÚRSLIT LEIKJA

LEX – Regula og vinir	0-3
LOGOS FC – S18	3-1
LR/Mörkin – LEX	4-1
Regula og vinir – LOGOS FC	5-0
S18 – LR/Mörkin	1-4

LOGOS FC – LEX	2-0
Regula og vinir – LR/Mörkin	1-2
LEX – S18	0-5
LR/Mörkin – LOGOS FC	0-0
S18 – Regula og vinir	3-5

LOKASTAÐA

Sæti	Lið	Mörk	Stig
1	LR/Mörkin	10 - 3	10
2	Regula og vinir	14 - 4	9
3	LOGOS FC	5 - 6	7
4	S18	10 - 12	3
5	LEX	1 - 14	0

Dómarar frá KSÍ dæmdu alla leiki og kom ekki til neinna eftirmála. Því reyndi ekki á kærunevnd Teina og Tótu sem ekki hefur verið kölluð saman síðan árið 1997.

Lið Lögfræðistofu Reykjavíkur/Markarinnar bar sigur úr þítum en með liðinu spiluðu gestaspilararnir og KR-ingarnir Gunnar Guðmundsson og Smári Hilmarsson. Aldur sumra liðsmanna

LR/Markarinnar þótti heldur í hærri kantinum og fengu þeir glósur um hvort spilað væri í sérstakri öldungadeild. Heldur dró úr gríninu þegar hvert liðið á fætur öðru laut í gervigras fyrir LR/Mörkinni sem stóð að lokum uppi sem sigurvegari. „Lengi leynist líf í lögmönnum“ hafði kammerjómfrúin á orði þegar hún afhenti verðlaunin í lokin og útteildi verðlaunapeningum, kossu og hóli á þakkláta og sveitta sigurvegara.

Þau tímamót áttu sér einnig stað að Jóhannes Eiríksson tók formlega við formennsku í Íþróttanefnd LMFÍ af Smára Hilmarssyni, sem gegnt hefur stöðunni frá 1995. (eða var það 1395?) Þjóðum við Jóhannes sérstaklega velkominn til starfa og væntum við mikils af vinnu hans á komandi árum.

Fótboltanefndin.



Barist um boltann.



Vandinn að vera lögmaður

EITT AF ÞVÍ sem lögmenn þurfa að hugsa um þegar þeir ráðleggja skjólstaðingi er spurningin um líklega niðurstöðu Hæstaréttar Íslands um túlkun þess ágreinings sem uppi er. Slíkt mat lögmanna verður sífellt erfiðara. Ein ástæðan er deildaskipting Hæstaréttar og þar með aukin hætta á mismunandi túlkun réttarins á lagareglum og ólíku mati hans á sönnunargögnum.

Dómur 100/2010

Dómur Hæstaréttar frá 18. nóvember s.l. í málinu nr. 100/2010 er gott dæmi um þennan vanda. Ökumaður bifhjóls H og váttryggingafélagið S, sem selt hafði honum slysatryggingu ökumanns, deildu um hvort H hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur hjólsins, með því að láta framhjól þess lyftast frá götu í akstri skömmu áður en hann missti stjórn á því. Taldi félagið vegna þessa sig laust frá ábyrgð sinni að 1/3 hluta.

H neitaði að hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með fyrrnefndri hegðun, sagðist ekki hafa ekið nema á ca. 60 km hraða og bæði hjól hafa verið á jörðu þegar hann missti stjórn á vélhjólínu. J, félagi H sem ók nokkra metra á eftir honum, staðfesti þessa frásögn H í skýrslu fyrir dómi. Annað vitni sem ók bíl sínum fyrir framan vélhjól H sá atvikið í baksýnispegli. Það vitni kvað hjólið hafa verið á mikilli ferð en sá hvorki þegar H lyfti framhjólínu né þegar það nam aftur við götu, lenti. Lýsti J atvikum svo að framhjólið hafi verið á lofti „... einhvern örlítinn spöl. Síðan fara bæði hjólin niður, síðan

komum við að hringtorginu“ og „Allt í einu er eins og hjólið hjá honum rjúki af stað ...“. Engin nothæf teikning lá fyrir af vettvangi, hjólför voru ekki mæld og engin sérfræðirannsókn gerð á ætluðum hraða, aðdraganda eða orsökum slyssins.

Við upphaf málsins skoðaði undirritaður lögmaður túlkun Hæstaréttar á 2. mgr. 18. gr. 1. 20/1954 og 2. og 3. mgr. 27. gr. nügildandi laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. Einnig skýringu fræðimanna í lögfræði á þessum lagagreinum. Niðurstaðan var í stuttu máli sú, að váttryggingafélag ber sönnunarbyrði fyrir því að váttryggingataki hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og þurfi einnig að sanna orsakasamhengi milli háttseminnar og váttryggingaatburðarins. H átti því að fá fullar og óskertar bætur eins og váttryggingasamningur hans við S kveður á um, að mati undirritaðs.

Niðurstaða Hæstaréttar í öðrum málum

Eftirtaldir Hæstaréttardómar leiddu til þessarar niðurstöðu:

591/2007. Ökumaður ók vanbúinni bifreið of hratt. Um leið og hann var að stilla útvarp hennar missti hann stjórn á bifreiðinni og ók utan í kantstein þannig að bíllinn gjöreyðilagðist. Ekki stórkostlegt gáleysi segir Hæstiréttur.

336/2005. Ökumaður sem einungis hafði sofið tvo til þrjá tíma ók bifreið sinni snemma morguns fram úr annarri

bifreið og framan á bifreið sem kom úr gagnstæðri átt. „Til þess að gáleysi teljist stórfellt þarf það að vera á mjög háu stigi ...“ segir Hæstiréttur.

107/2009. Ökumaður ók bifreið á miðakrein Kringlumýrarbrautar til norðurs í veg fyrir og á bifreið við hliðina þannig að bifreið hans kastaðist yfir á þann hluta Kringlumýrarbrautar sem liggur til suðurs, lenti þar, valt um og stoppaði 80 metrum frá upphafsstað óhappsins. Vitni í lögregluskýrslu báru um mikinn hraða bifreiðarinnar og hún hefði farið í loftkóstum yfir umferðareyjuna milli akbrauta.

Í skýrslu sem váttryggingafélag Ö aflaði einhliða komu fram svipaðar staðhæfingar um ökuhraða Ö. Bifreiðinni hafi verið ekið allt of hratt og langt yfir leyfilegum hámarkshraða sem var 80 km. á klst.

Hæstiréttur hafnaði þessari einhliða skýrslu sem sönnunargagni. Í upphafi rökstuðnings síns segir Hæstiréttur svo: „Stefndu bera sönnunarbyrði fyrir því að áfrýjandi hafi valdið slysinu 7. október 2006 með stórkostlegu gáleysi.“ Og rökstuðningi Hæstaréttar lýkur svo: „Með því að stefndu teljast ekki með öðrum sönnunargögnum hafa fært sönnur á staðhæfingar sínar um að áfrýjandi hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi verður krafa áfrýjanda tekin til greina.“

Hrd. 666/2008. Ökumaður ók bifreið sinni „vel yfir leyfilegum hámarkshraða“ á Sæbraut eins og segir í dómi Hæstaréttar.

Hæstiréttur taldi váttryggingafélagið bera sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og þrátt fyrir vísbendingu þar að lútandi hefði félaginu ekki tekist slík sönnun m.a. vegna ónógrar rannsóknar á vettvangi.

Aftur að dómi 100/2010

Í ljósi niðurstöðu og rökstuðnings þessara dóma Hæstaréttar gat H átt von á því að lækkunarkröfu S væri hafnað vegna þess að: 1. Sannað væri með framburði vitnis að ekki væri orsakasambengi milli þess gáleysis H, að lyfta framdekki vélhjólans og þess að hann missti vald á hjólinu skömmu síðar. Eða 2. Að tryggingafélagið bæri sönnunarbyrði fyrir því að H hafi valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi við aksturinn og sú sönnun hefði ekki tekist. Ekki fór svo. Nú var ekki beitt sömu lögskýringu og hefðbundnu sönnunarmati eins og í fyrrnefndum málum, ekki fundið að vöntun af teikningum á vettvangi,

ónógrri rannsókn slyssins, skorti á mati á orsökum slyss eða vöntun á sérfróðum meðdómsmanni um akstur vélhjóla.

Hæstiréttur einfaldlega staðhæfir formálalaust að það aksturslag öku-manns vélhjólans að lyfta framhjólí þess, láta það „þrjóna“, sé eitt og sér stórkostlegt gáleysi. En hvað með lagaskilyrði um orsakasambengi milli atviksins og slyssins, því fram kom í vitnaframburði J fyrir dómi að bæði dekk hjólans voru á jörðinni þegar H missti á því stjórn? Lausn Hæstaréttar er einföld. Vitnaframburðarinn er einfaldlega ekki getið í dómi réttarins og var hann þó tekinn upp orðrétt í greinargerð til réttarins og þungamiðja í málflutningi aðila.

Annað frávik frá fyrri dómvenju í slíkum málum er svo það nýmæli að snúa við sönnunarbyrði fyrir stórkostlegu gáleysi, leggja hana á váttryggingatakann H. Og til þess þarf eins konar lögfræðilegt heljarstökk, þrefalda neitun, eitthvað sem undirritaður hefur ekki áður séð í

lögfræðilegum rökstuðningi Hæstaréttar Íslands. „Áfrýjandi hefur **ekki** fært fram sönnun um að hann hafi **ekki** misst stjórn á bifhjólinu af þessari ástæðu og að slysið verði þannig **ekki** rakið til þessarar háttsemi.“ (*Audkenntn VHV*).

Þessi málsástæða um sönnunarmat var ekki höfð uppi í málinu fyrr en í málflutningi fyrir Hæstarétti og strax mótmælt sem of seint fram kominni, auk efnislegra mótmæla. Hvorki er getið um málsástæðuna né mótmælin í dómi Hæstaréttar. Þegar allt þetta er virt er tæpast hægt að segja þennan hluta dómsins í málinu nr. 100/2010 vera annað en í andstöðu við fyrri niðurstöður Hæstaréttar Íslands í sambærilegum málum.

Hvað segjum við lögmenn nú þegar spurt er um túlkun Hæstaréttar á hugtakinu stórkostlegt gáleysi?

Undirritaður ætlar að leyfa sér að beita áfram hefðbundinni túlkun en líta á þennan hluta dómsins í máli nr. 100/2010 sem slys.

LÁTTU TIL ÞÍN TAKA!

Laganám við Háskólann í Reykjavík miðar að því að útskrifa framúrskarandi lögfræðinga sem láta til sín taka í íslensku og alþjóðlegu samfélagi.

- 3ja ára nám til BA-gráðu.
- 2ja ára nám til meistara-gráðu.
- 3ja-4ra ára nám til doktorsgráðu.

Kynntu þér metnaðarfullt og nútímalegt laganám á www.hr.is



LAGAÐEILD
SCHOOL OF LAW





Gledileg jól – gott og farsælt komandi ár

HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

LAG-lögmenn sf.
Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

**Lögmennsstofa
Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur**
Klapparstíg 1
101 Reykjavík

Tjónamat og skoðun ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík

**Jónatansson & Co
lögfræðiskrifstofa ehf.**
Kringlunni 4-6
103 Reykjavík

**Lögmennsstofa
Ólafs Gústafssonar hrl.**
Kringlunni 7 – Húsi verslunarinnar
103 Reykjavík

Legis ehf. Lögfræðistofa
Smári Hilmarsson hdl.
Holtavegi 10 Holtagörðum
104 Reykjavík

**Lögmennsstofa
Jóns Egilssonar hdl.
og Auðar Bjargar Jónsdóttur hdl.**
Knarrarvogi 4
104 Reykjavík

Guðmundur Pétursson hrl.
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Lausnir Lögmennsstofa
Borgartúni 33
105 Reykjavík

Lögmenn Lögsýn ehf.
Skiopholti 50b
105 Reykjavík

**E. Sigurjónsson
lögmennsstofa ehf.**
Suðurlandsbraut 4 4.hæð
105 Reykjavík

**Lögmennsstofa
Sigurðar I. Halldórssonar hdl.**
Suðurlandsbraut 8 3.hæð
105 Reykjavík

**Lögfræðistofa
Jóhanns Baldurssonar hdl.**
Síðumúla 25
108 Reykjavík

Juralis – Lögmennsstofa
Sveinn Guðmundsson hrl.
Hallvarður Einarsson hrl.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

**Lögfræðipjónusta
Sigurðar Sigurjónssonar hrl.**
Skeifunni 11a
108 Reykjavík

AH. Lögmenn ehf.
Ársæll Hafsteinsson hdl.
Prándarseli 2
109 Reykjavík

Lögmenn Höfðabakka ehf.
Berglind Jónsdóttir
Höfðabakka 9
110 Reykjavík

Lagalind ehf.
Hamraborg 12
200 Kópavogi

Egro Lögmenn slf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogi

HAFNARFJÖRÐUR

Lögfræðimiðstöðin ehf.
Reykjavíkurvegi 62
220 Hafnarfirði

LANDSBYGGÐIN

**Málflutningsstofa
Snæfellssness ehf.**
Aðalgötu 2
340 Stykkishólmi

Lögmennsstofa Akureyrar ehf.
Glerárgötu 24
600 Akureyri

Lögmennstofan Lögmennshlíð
Glerárgötu 36
600 Akureyri

Lögmennstofan ehf.
Strandgötu 29
600 Akureyri

**Lögfræðipjónusta
Þorsteins Péturssonar hdl.**
Sigtúni 3
800 Selfossi

Úr knattspyrnusögu LMFÍ



Sigurvegjarar á fyrsta fótboldamóti LMFÍ utanhúss var lið Jóns Steinars Gunnlaugssonar, Reynsla og léttleiki. Efri röð f.v. Bjarki Diegó, Jón Ármann Guðjónsson, Jóhannes Karl Sveinsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Ragnar Baldursson. Neðri röð f.v.: Ásgeir Ragnarsson, Jónas Þór Guðmundsson og Jóhannes Bjarni Björnsson.

Í SÍÐASTA TÖLUBLAÐI Lögmannablaðsins var sagt frá fyrsta knattspyrnumótinu á vegum LMFÍ sem haldið var árið 1995. Jafnframt var umfjöllun um kærunevnd Teina og Tótu og sagt að hún hefði aldrei þurft að koma saman enda sýndu lögmenn félögum sínum vinsemd og virðingu í hvívetna. Það gerðist þó einu sinni að kærunevndin kom saman og fer hér á eftir dramatísk frásögn Þórunnar Guðmundsdóttur sem er annar helmingur tvíeykisins sem skipar nefndina.

Þegar kom að haustmóti LMFÍ í knattspyrnu 1997 hafði liðið „Reynsla og léttleiki“ sem leitt var af Jóni Steinari Gunnlaugssyni unnið nokkur mót í röð.

Jón Steinar var í liðinu (reynslan) og svo safnaði hann að sér 25-27 ára gömlum hlaupagikkjum (léttleikinn). JSG stóð allan leikina á markalínunni og öskraði á hlaupagikkina: „Hingað með boltann“, gikkirnir voru út um allan völl að sækja boltann, gáfu hann svo á Jón Steinar, sem þrusaði honum í markið. Þessi leikaðferð gafst mjög vel vegna þess að liðið stóð uppi sem sigurvegari mót eftir mót, og gott ef Jón Steinar var ekki markahæstur í einhverjum mótum.

Því miður man ég ekki hvað liðið hét sem vann haustmótið 1997, en það var ekki lið Reynslu og léttleika. Eftir mótið uppgötvaði Jón Steinar að í liðinu sem vann var Steinar Þór Guðgeirsson

landsliðsmaður í fótbolta, sem var að vísu búinn að ljúka laganámi en hann átti ekki að útskrifast formlega fyrr en í lok október 1997. Mótið var haldið fyrir þann tíma. Jón Steinar taldi að þar með væri Steinar Þór ekki löglegur leikmaður og krafðist þess að titillinn væri hirtur af vinningsliðinu og afhentur Reynslu og léttleika sem var í öðru sæti. Það skal tekið fram að kæran var ekkert grín.

Kærunevndin hlustaði ekki á þetta og neitaði að breyta úrslitunum, Steinar Þór var talinn löglegur leikmaður. Úrslitin stóðu.

EI



Seðlabanki Íslands leggur á fjötra án heimilda

1.0. Í KJÖLFAR BANKAHRUNSINS fékk Seðlabanki Íslands heimild til að setja á gjaldeyrishöft. Hér er sýnt fram á að sú heimild getur einungis takmarkað fjármagshreyfingar sem fela í sér útlæði gjaldeyris. Af því leiðir að heimildin getur ekki takmarkað:

- fjármagnshreyfingar sem fela í sér innflæði á gjaldeyri eða
- fjármagnshreyfingar sem fela í sér kaup og sölu innlendra eigna í skiptum fyrir krónur.

1.1. Þrátt fyrir þetta hefur Seðlabanki Íslands leitast við að hneppa fjármagnshreyfingar af þessum toga í fjötra. Er þar einkum átt við takmarkanir á nýfjárfestingu og takmarkanir á nýtingu erlendra aðila á krónum sem þeir eiga hér lendis (svonefndar aflandskrónur). Á þessari viðleitni bankans eru veruleg vandkvæði en nefna má eftirtalin fjögur atriði sem þau helstu:

- *Í fyrsta lagi* er þetta gert án heimildar í bráðabirgðaákvæðum laga um gjaldeyrismál sem heimila Seðlabankanum að setja tímabundnar takmarkanir á gjaldeyrisviðskipti með samþykki ráðherra.
- *Í öðru lagi* er vafasamt að reglur Seðlabankans um gjaldeyrismál geti verið gild refsheimild þar sem takmarkanir eru á heimild löggjafans til að framselja vald til setningar refsheimilda til annarra en ráðherra. Sjá 2. gr. og 69. gr. stjórnarskrár.
- *Í þriðja lagi* hefur birting reglna Seðlabankans um gjaldeyrismál lengst af, a.m.k. til 26. október 2010, verið

ófullkomin og því verður þeim ekki beitt fyrir þann tíma, sbr. 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og lögbirtingarblað og 29. gr. laga um stjórnarskrá.

- *Í fjórða lagi* hefur Seðlabankinn sett leiðbeiningar án lagaheimildar sem hafa ekki verið birtar með lögformlegum hætti og sem takmarka ýmis viðskipti umfram það sem leiðir af reglum bankans. Slíkt stenst vitaskuld enga skoðun og er best lýst sem markleysu.

Hér verður nánari grein gerð fyrir þessu auk þess sem bent verður á ýmsa ágalla á reglusetningu Seðlabankans.

Innstreymi gjaldeyris heimilt

2.0. Með lögum nr. 134/2008 var bætt við lög um gjaldeyrismál 87/1992 bráðabirgðaákvæði sem heimilaði Seðlabanka Íslands að gefa út reglur, að fengnu samþykki ráðherra, sem takmarka eða stöðva tímabundið tiltekna „flokka fjármagnshreyfinga og gjaldeyrisviðskipti sem þeim tengjast“ ef slíkar hreyfingar fjármagns til og frá landinu valda að mati Seðlabankans „alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum“. Á grundvelli þessa ákvæðis voru settar reglur um það sem í daglegu tali er nefnt gjaldeyrishöftin.

2.1. Það liggur fyrir að markmið laganna var að hefta streymi gjaldeyris út úr íslenska efnahagskerfinu. Í frumvarpi til laganna kom t.d. fram að ákvæðið var sett til að sporna við „fjármagnsflæði úr landi“. Þetta var sagður liður í áætlun stjórnvalda til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

sem fól í sér að beitt væri „tímabundnum takmörkunum á gjaldeyrisviðskipti vegna fjármagnsviðskipta“ en það væri einmitt efni frumvarpsins. Síðan sagði í greinargerð um bráðabirgðaákvæðið að heimilt væri að beita ákvæðinu ef líkur væru á að neyðarástand kynni að skapast „vegna mikils útlæðis á gjaldeyri“.

2.2. Markmiðið var þannig greinilega ekki að hefta streymi gjaldeyris inn í landið eða viðskipti innan lands. Ferlið við setningu laganna styður það enn frekar. Má þar nefna að efnahags- og viðskiptanefnd gerði tillögu til breytinga á ákvæðinu, eins og það var upphaflega lagt fyrir, til að tryggja að bráðabirgðaákvæðið myndi ganga framar ákvæði 9. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri sem heimilar erlendum aðilum sem hafa fjárfest hér á landi að selja eignir sínar og kaupa gjaldeyri fyrir andvirðið. Efnahags- og viðskiptanefnd taldi hins vegar enga ástæðu til að kveða á um að bráðabirgðaákvæðið gengi framar ákvæði 8. gr. laga um fjárfestingu erlendra aðila sem heimilar erlendum aðilum að koma með gjaldeyri til landsins í þágu fjárfestingar. Af þessu má ljóslega draga þá ályktun að ekkert í bráðabirgðaákvæðinu hafi átt að hindra innflæði gjaldeyris.

2.3. Rétt er að taka fram, að í lagaframkvæmdinni hefur verið talin sérstök ástæða til að horfa til markmiðs löggjafar sem veitir stjórnvöldum matskenndar reglusetningarheimildir. Það á sérstaklega við þegar slíkt leiðir til þrengingar á

annars víðum heimildum til setningar á íþyngjandi reglum eins og hér er tilfellið.

2.4. Orðalag bráðabirgðaákvæðisins er hins vegar jafnframt tiltölulega skýrt í þessum efnum. Helgast það af því að ákvæðið beinist að hreyfingum sem taldar eru geta valdið „alvarlegum og verulegum óstöðugleika í gengis- og peningamálum“ en almennt er það svo að útlæði gjaldeyris hefur frekar slík áhrif en innflæði hans. Þetta verður einnig að virða í ljósi tilætlunar löggjafans sem augljóslega beinir ákvæðinu að útlæði gjaldeyris, fremur en innflæði hans.

2.5. Einhver kynni að vísu að reyna að lesa annað út úr orðalaginu „til og frá“ landinu þannig að ákvæðið myndi takmarka gjaldeyrisflæði til landsins. Það er hins vegar vafasamt að það sé rétt skýring ef litið er til markmiðsins með setningu ákvæðisins og forsögu þess. Þess vegna má álíta að með orðunum „til landsins“ sé átt við t.d. þegar einhver selur krónur fyrir gjaldeyri og „frá landinu“ sé átt við þegar einhver kaupir gjaldeyri fyrir krónur. Þetta eru auðvitað tvær hliðar á sama peningnum en felur ekki í sér heimild til að hefta t.d. innstreymi gjaldeyris vegna fjárfestinga.

2.6. Af þessu öllu verður dregin sú ályktun að ekkert í bráðabirgðaákvæðinu veiti Seðlabanka Íslands heimild til að hindra fjármagnshreyfingar ef þær hafa það að markmiði að koma með gjaldeyri inn í íslenska efnahagskerfið. Seðlabankanum kann reyndar að vera heimilt

að hindra útlæðið þegar gjaldeyri er kominn inn í kerfið en getur ekkert amast við innflæðinu.

Viðskipti með krónur heimil

3.0. Ætla má að bráðabirgðaákvæðið hafi ekki haft að markmiði að takmarka viðskipti hér á landi sem eru gerð upp í krónum, jafnvel þótt erlendir aðilar komi að þeim. Skiptir í þeim efnum engu þótt um svonefndar aflandskrónur sé að ræða. Vísast um það til þess sem að framan segir í köflum 2.0. til 2.2. en þar kemur fram að bráðabirgðaákvæðið hafði það að markmiði að sporna við útlæði gjaldeyris. Markmiðið var ekki að sporna gegn innflæði gjaldeyris eða takmarka viðskipti með innlendar eignir sem eru gerð upp í krónum.

3.1. Þessu til frekari stuðnings má nefna viðbrögð löggjafans þegar í ljós komu brögð á því að gjaldeyri vegna vörusölu til útlanda skilaði sér ekki hingað til lands í formi gjaldeyris. Ástæðan fyrir því var sú að innlendir aðilar kusu að selja erlendum aðilum vörur í skiptum fyrir krónur sem erlendu aðilarnir keyptu á svonefndum aflandsmarkaði, án þess að slíkt bryti í bága við reglur um gjaldeyrismál. Til að sporna gegn þessu var sett sérstakt nýtt bráðabirgðaákvæði í lögum um gjaldeyrismál með lögum nr. 27/2009 frá 1. apríl 2009. Það fól í sér að greiðslur vegna útflutnings á vöru og þjónustu skyldu eftirleiðis fara fram í erlendum gjaldmiðli. Af þessu má gagnálykta að önnur viðskipti sem innlendir aðilar eiga við erlenda aðila sem alfarið eru gerð upp í krónum, geta

átt sér stað án takmarkana. Þannig mætti til dæmis innlendir aðili sem selur erlendum aðila verðbréf semja um að salan ætti sér stað í krónum.

3.2. Viðskipti hér á landi sem eru gerð upp í krónum hafa ljóslega engin slík áhrif til útlæðis. Hugsanlega má reyndar halda fram að slík viðskipti geta leitt til minna innflæðis en ella. Það stafar af því að erlendir aðilar eru e.t.v. líklegri til að kaupa fremur krónur af öðrum sem eiga krónur sem eru varslaðar af erlendum banka, það er á aflandsmarkaði, til að stunda viðskipti hér á landi. Hinu má þó ekki gleyma að bráðabirgðaákvæðið er ekki sett til höfuðs slíku flæði, heldur fremur útlæði gjaldeyris úr íslenska efnahagskerfinu. Bráðabirgðaákvæðinu er með öðrum orðum ekki ætlað að auka innflæðið.

3.3. Hér verður einnig að geta þess að í 1. gr. laga um gjaldeyrismál er að finna skýringu á því hvað teljist til „fjármagnshreyfinga“. Þar kemur skýrt fram að fjármagnshreyfingar merki „yfurfærslu eða flutning á fjármunum milli landa“. Jafnframt segir í athugasemdum í greinargerð með frumvarpi til laganna að mat á því hvar fjármálagerningur sé staðsettur fari eftir því hvar hann er útgefinn. Í greinargerðinni segir: „Þannig er verðbréf ávallt innlent ef aðili búsettur hér á landi gefur það út og gildir þá einu hvort það er gefið út hér á landi, erlendis, í íslenskum krónum eða erlendri mynt.“

3.4. Af þessu leiðir (a) að allar krónur og innistæðubréf sem eru gefin út af íslenskum bönkum, þ.m.t. Seðlabank-



-í símann á meðan þú vinnur.

Þjónusta Símaversins er m.a.:

- Að annast símsvörum fyrir fyrirtæki.
- Fyrir einyrkja, millistór og stór fyrirtæki.
- Vönduð og traust.
- Í höndum óspilltra vestfirskra þökkagjöfja.
- Önnur þjónusta sérsníðin að óskum viðskiptavina.

Símaverið ehf, Póllgötu 2 400 Ísafirði. Sími 450 5500, fíx 450 5501
heimasíða www.simaverid.is, netfang simaverid@simaverid.is

anum, eru innlend eign og (b) að allir víxlar og skuldabréf gefin út af íslenska ríkinu eða af stofnunum þess eru innlendar eignir. Þetta eru þær eignir sem skipta um hendur á aflandsmarkaðnum í viðskiptum erlendra aðila en þær eru alla jafna geymdar af erlend- um fjármálafyrirtækjum á vörslureikn- ingum fyrir hönd endanlegra eigenda. Samkvæmt þessu er það rangt að tala um þessar krónur eins og þær séu staðsettar erlendis eins og Seðlabanki Íslands hefur gert í framkvæmd. Þær eru staðsettar hér á landi í skilningi laganna.

3.5. Af þessu leiðir jafnframt að innlendir aðili sem skiptir við erlendan aðila á innlendra eign framkvæmir ekki „fjármagnshreyfingu“ í skilningi laga um gjaldeyrismál. Slíkt felur einfaldlega ekki í sér „flutning á fjármunum milli landa“. T.d. má íslenskur aðili selja erlendum aðila hlutabréf í skiptum fyrir krónu- inneign erlenda aðilans í íslenskum banka. Seðlabankinn getur ekki takmarkað viðskipti sem þessi með stoð í bráðabirgðaákvæðinu.

3.6. Samkvæmt þessu liggur fyrir að Seðlabankinn getur ekki kvaðabundið krónuinn eign erlendra aðila. Til þess hefur bankinn ekki lagastoð. Slíkt gæti jafnframt gengið í berhögg við lög um gjaldmiðil Íslands nr. 22/1968 sem fela í aðalatriðum í sér að íslenska krónan er lögeyrir á Íslandi og gjaldgeng í öllum viðskiptum hér á landi með fullu ákvæðisverði. Þá yrði væntanlega hér gengið nærri eignarréttarvernd 72. gr. stjórnarskrárinnar ef takmarka ætti notkun einstaklinga og lögaðila (þótt erlendir séu) á lausafé þeirra í krónum.

Almenn túlkunarsjónarmið

4.0. Við þau túlkunatriði sem eru rakin hér að ofan verður svo að hafa í huga að vafi um skýringu bráðabirgða- ákvæðisins verður meðhöndlaður þannig að ákvæðið verður fremur talið fela í sér minni takmarkanir en meiri.

4.1. Í því samhengi verður að hafa í huga að ákvæði 2. gr. laga um gjaldeyrismál stendur óhreyft. Þar segir að fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti vegna þeirra skuli vera óheft. Þetta er meginregla laganna og undantekningar frá henni, eins og bráðabirgðaákvæðið, verða því túlkuð þröngt og takmörkunum á fjármagnshreyfingum og gjaldeyrisviðskiptum verður því aðeins beitt að slíkar takmarkanir eigi vafalaust við.

4.2. Jafnframt verður að hafa í huga að bráðabirgðaákvæðið er verulega íþyngjandi, eins og reyndar kemur fram í greinargerð með frumvarpinu. Það takmarkar t.d. ráðstöfunarrétt manna yfir eignum sínum og felur þannig í sér takmörkun á eignarrétti. Þess vegna verður vafi um skýringu ákvæðisins ávallt túlkaður þannig að ákvæðið feli frekar í sér minni takmarkanir en meiri, sbr. m.a. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Jafnvel yrðu mjög íþyngjandi takmarkanir á meðferð krónueignar hugsanlega taldar brjóta í bága við þetta ákvæði, einkum ef þær byggðust eingöngu á því að þær væru varslaðar hjá erlendum banka. Slíkar takmarkanir gætu þannig hugsanlega aldrei verið heimilar. Sérstaklega þarf í þessu að horfa til jafnræðisreglu 65. gr. gr. stjórnarskrárinnar.

4.3. Síðan má nefna, að refsíabýrgð verður ekki byggð á þessum ákvæðum nema fullnægt sé skilyrðum um skýrleika refsíheimilda, sbr. 69. gr. stjórnarskrárinnar. Það hefur vitaskuld sömu áhrif. Reyndar má í því samhengi nefna, að telja má verulegar takmarkanir á heimild löggjafans til að framselja vald til að setja refsireglur til annarra stjórnvalda en ráðherra. Hefur meira að segja verið talið að staðfesting ráðherra á reglum undirstofnunar dugi ekki til að slíkar reglur geti verið gild refsíheimild. Sjá Hrd. 2004, bls. 4438. Hér má einnig vísa til Hrd. 1985, bls. 1544, og Róbert Spanó, Stjórnarskráin og refsíabýrgð, Tímarit lögfræðinga, 2005, bls. 46. Þegar af þessari ástæðu mun tæpast unnt að gera mönnum refsingu fyrir brot á reglum Seðlabankans sem settar eru með heimild í bráðabirgðaákvæðinu.

4.4. Hér er ekki vikið að alþjóðlegum skuldbindingum sem ríkið hefur undirgengist vegna gjaldeyrisviðskipta. Slíkar reglur virðast hins vegar fremur til þess fallnar að styðja þær ályktanir sem settar eru hér að framan, a.m.k. ganga þær ekki á sveig við það sem hér segir.

Aðgerðir Seðlabanka Íslands

5.0. Fyrstu reglurnar sem Seðlabanki Íslands setti með heimild í þessu ákvæði eru reglur nr. 880/2009 um gjaldeyrismál. Þær virðast hafa staðið í þokkalegum efnistengslum við þann lagaskilning sem er rakinn hér þótt texti þeirra og uppbygging hafi verið óskýr og reikul í mörgum atriðum. Það er hins vegar við síðari reglusetningu bankans sem hann virðist fara endanlega út af sporinu.

5.1. Með reglum nr. 880/2009 frá 30. október 2009 leggur Seðlabanki Íslands í vegferð sem enn stendur og felur í sér verulegar takmarkanir á viðskiptum innan íslenska efnahagskerfisins. Bankinn ákvað þá m.a. í 2. gr. að „fjármagnshreyfing“ skyldi teljast hvers kyns „yfirfærsla eða flutning milli innlendra og erlendra aðila“. Afleiðingin af því var sú að lokað var fyrir tiltekin viðskipti milli innlendra og erlendra aðila sem væru gerð upp í krónum. Á því voru reyndar gerðar nokkrar veigamiklar undantekningar, einkum í 3. mgr. 2. gr. og víðar í reglunum.

5.2. Það eru vandfundnar skýringar á því af hverju Seðlabankinn taldi sig þess umkominn að gera jafn veigamikla breytingu á reglum um gjaldeyrismál án þess að sækja til þess sérstaka lagastoð. Í því samhengi má nefna að 1. apríl 2009 hafði Seðlabankinn gert tillögu um sérstaka lagasetningu til að skylda útflytjendur að gera reikninga í krónum. Síðan virðist bankinn telja 30. október 2009 að engar auknar heimildir hafi þurft af hálfu löggjafans til setningu nýju reglnanna þótt þær hafi á margan hátt breytt eðli gjaldeyrishaftanna mun meira en breytingin 1. apríl 2009, einkum varðandi krónur í eigu erlendra aðila, og gengið mun lengra en til var stofnað

af löggjafanum í upphafi. Þetta er óskiljanlegt.

5.3. Nýju takmarkanirnar í reglum frá 30. október 2009 skortir lagastoð, enda takmarkar bráðabirgðaákvæðið í lögnum ekki viðskipti hér á landi innan íslenska efnahagskerfisins þótt erlendir aðilar eigi þar hlut að máli. Það er erfitt að skilja af hverju stefnubreyting á borð við þessa hafi verið tekin án þess að frumvarp til breytinga á lögum hafi verið lagt fram á Alþingi. Málið varðar gríðarlega fjárhagslega hagsmuni og lagaramminn sem var fyrir hendi var ljóslega ekki sniðinn með þetta í huga. Það er með eindæmum að opinberir embættismenn telji sig hafa umboð til breytinga af þessum toga.

5.4. Hér skal einnig nefnt að í þeim texta reglna Seðlabanka Íslands sem var birtur í B-deild Stjórnartíðinda kom hvergi fram að bankinn hafi fengið „samþykki efnahags- og viðskiptaráðherra“ fyrir setningu reglnanna eins og bráðabirgðaákvæðið þó áskilur. Úr því varð ekki bætt fyrir en með auglýsingu 26. október 2010 nr. 843/2010 þótt texti samþykkisins hafi reyndar ekki verið birtur. Nú má vera að slíkt samþykki hafi legið fyrir einhvers staðar í tilviki fyrri reglnanna. Hins vegar má draga verulega í efa að slíkt samþykki geti verið bindandi að landslögum meðan það er óbirt. Sjá hér 8. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingarblað og 27. gr. stjórnarskrárinnar. Af þessum sökum má efast verulega um gildi allra reglna Seðlabankans um gjaldeyrismál fram til 26. október 2010. Í öllu falli er ljóst að á þeim verða tæpast byggðar refsingar.

5.5. Með þessum gagnrýnisverða hætti voru aflandskrónur svonefndar (sem eru í raun ekkert annað en venjulegar krónur varslaðar af erlendum aðilum) útilokaðar frá margvíslegum viðskiptum án lagaheimildar.

5.6. Loks verður ekki komist hjá því að nefna að reglur Seðlabankans um gjaldeyrismál eru illa læsilegar. Þannig getur lesandinn, eftir því hvernig hann

er stemmdur þann daginn, ýmist lesið reglurnar þannig að allt sé heimilt eða allt sé bannað. Því miður bendir margt til þess að starfsmenn Seðlabankans séu fremur á því að allt sé bannað. Það ber vott um skilningsleysi á þeirri gildu reglu að íþyngjandi reglur eigi að lesa borgunum í hag.

5.7. Seðlabankinn hefur leitast við að bæta úr þeim vanda, að reglurnar eru óskiljanlegar, með því að gefa út svonefndar „leiðbeiningar“ við reglur um gjaldeyrismál. Þá eru leiðbeiningarnar settar án allrar lagaheimildar, en eina heimild Seðlabankans til setningar leiðbeininga er í 2. mgr. 8. gr. laga um gjaldeyrismál sem á ljóslega ekki við hér. Þar fyrir utan hafa leiðbeiningarnar ekki verið birtar í Stjórnartíðindum. Þær hafa því ekkert gildi, a.m.k. ekki ef þær takmarka heimildir sem borgararnir hafa samkvæmt reglum um gjaldeyrismál. Fyrst þegar slíkar leiðbeiningar voru gefnar út var það án lagaheimildar og þær því marklausar per se.

5.8. Í umræddum leiðbeiningum hefur hins vegar Seðlabankinn leitast við að takmarka ýmsar viðskiptaheimildir sem þó er að finna í reglunum. Sem dæmi má nefna að Seðlabankinn ákvað að gefa út leiðbeiningar þann 14. ágúst 2010 sem þrengja verulega heimildir til viðskipta í 3. mgr. 2. gr. reglna um gjaldeyrismál. Í þeim leiðbeiningum var ákveðið að einu eignimar sem unnt væri að kaupa fyrir aflandskrónur væru tiltölulega þröngt skilgreindir flokkar markaðsskuldabréfa. Með þessu eru settar takmarkanir á viðskipti með leiðbeiningum sem eru ekki einu sinni birtar í Stjórnartíðindum og styðjast ekki við neinn lagabókstaf. Þetta stenst að sjálfsögðu enga skoðun.

5.9. Samkvæmt því sem hér er rakið eru mikil óefni uppi í gjaldeyrismálum þjóðarinnar. Stjórnvaldsfyrirmæli eru gerð án lagaheimilda, áskilin samþykki liggja óbirt (ef þau liggja fyrir) og á meðan eru gríðarlegir fjárhagslegir hagsmunir undir. Ríkisstjórn og Alþingi verða að láta málið til sín taka.



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Eingöngu
sjóðfélagar
í stjórn

Verið velkomin í Borgartún 25
sími 510 2500 – www.almenni.is

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI
FYRIR HÆSTARÉTTI
ÍSLANDS****Jón H. Magnússon hrl.**

Samtök atvinnulífsins
Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591-0000

Stefán A. Svensson hrl.

Juris hf
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 588-4400

**NÝ MÁLFLUTNINGS-
RÉTTINDI FYRIR
HÉRAÐSDÓMI****Sigurður Óli Hauksson hdl.**

Ergo lögmenn
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 441-2280

**Tinna Björk
Gunnarsdóttir hdl.**

Lögmennsstofan Fortis ehf.
Laugavegi 7
101 Reykjavík
Sími: 520-5800

**Arna Bryndís
Baldvinsdóttir hdl.**

Lex lögmennsstofa
Hafnarstræti 94
600 Akureyri
Sími: 590-2600

**Haldór Brynjar
Halldórsson hdl.**

LOGOS lögmennsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-318

Eldjárn Árnason hdl.

GHP lögmenn
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 512-1220

**María Júlía
Rúnarsdóttir hdl.**

Kvasir lögmenn
Laugavegi 182
105 Reykjavík
Sími: 555-6000

Saga Ýrr Jónsdóttir hdl.

Vox lögfræðiráðgjöf
Mörkinni 3
108 Reykjavík
Sími: 8222255

Fríðrik Ársælsson hdl.

LOGOS lögmennsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0335

Hjördís Birna**Hjartardóttir hdl.**

LOGOS lögmennsþjónusta
Efstaleiti 5
103 Reykjavík
Sími: 540-0335

**Svanhvít Yrsa
Árnadóttir hdl.**

Ergo lögmenn slf.
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Sími: 412-2800

Bogi Guðmundsson hdl.

Nordik Legal slf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 522-5206

Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

Opus lögmenn
Austurstræti 17
101 Reykjavík
Sími: 552-2299

**Kristrún Elsa
Harðardóttir hdl.**

Embla lögmenn ehf.
Lágmúla 5
108 Reykjavík
Sími: 534-2600

Esther Hermannsdóttir hdl.

Réttvísi ehf.
Strandgötu 19a
735 Eskifjörður
Sími: 476-1616

NÝR VINNUSTAÐUR**Jón Sigfús
Sigurjónsson hdl.**

Skólavörðustíg 12, 3.hæð
101 Reykjavík
Sími: 568-5620

Áslaug**Gunnlaugsdóttir hdl.**

LOCAL lögmenn ehf.
Túngötu 14
101 Reykjavík
Sími: 527-9700

Helga Hauksdóttir hdl.

Ernst & Young hf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 560-0415

Stefanía Guðrún**Sæmundsdóttir hdl.**

Lögmennsstofa Steinunnar
Guðbjartsdóttur
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 520-4100

Pórður Guðmundsson hdl.

Lögmennsstofa Steinunnar
Guðbjartsdóttur
Lágmúla 7
108 Reykjavík
Sími: 520-4100

Páll Eiríksson hdl.

Borgarlögmenn
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

**Helgi Pétur
Magnússon hdl.**

Borgarlögmenn
Suðurlandsbraut 6, 4.hæð
108 Reykjavík
Sími: 533-1330

**Pórhallur Haukur
Pórhallsson hdl.**

Veritas lögmenn
Borgartúni 28, 2.hæð
105 Reykjavík
Sími: 568-5620

**Jóhanna
Sigurjónsdóttir hdl.**

Pax lögmenn ehf.
Ármúla 8
108 Reykjavík
Sími: 527-2200

Guðmundur Ingólfsson hdl.

Bonafide lögmenn
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 533-5577

Sif Eir Magnúsdóttir hdl.

Lögmennsstofan Réttarbót
Hamravík 30
112 Reykjavík
Sími: 842-0200

Guðmundur Thorlacius

Arion banki hf.
Borgartúni 19
105 Reykjavík
Sími: 444 7000

Guðrún**Bergsteinsdóttir hdl.**

LOCAL lögmenn ehf
Túngötu 14
101 Reykjavík
Sími: 527 9700

NÝTT AÐSETUR**Áslaug****Gunnlaugsdóttir hdl.**

LOCAL lögmenn ehf.
Túngötu 14
101 Reykjavík
Sími: 527-9700

**Guðmundur Þór
Bjarnason hdl.**

Löglýsing ehf.
Suðurlandsbraut 6, 2.hæð
108 Reykjavík
Sími: 661-0631

Bonafide lögmenn

Lúðvík Bergvinsson hdl.
Sigurvin Ólafsson hdl.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 533-5578

Lögmenn Laugavegi 3 ehf

Lára V. Júlíusdóttir hrl.
Hulda Rós Rúriksdóttir hrl.
Aðalheiður Helgadóttir hdl.
Íris Ösp Ingjaldsdóttir hdl.
Laugavegi 3
101 Reykjavík
Sími: 520-1050



BRYNJAR NÍELSSON HRL.



Refsingar

MARGT BENDIR TIL þess að umburðarlyndi í íslensku samfélagi sé á flóttu. Fjölmíðlar verða vart opnaðir án þess að einhverjir séu með upphrópunum að krefjast þyngri refsinga og að slakað verði á sönnunarkröfum í sakamálum. Gjarnan eru þetta samtök eða hópar sem kenna sig við mannréttindi og lýðræði, en eru í raun pólitísk samtök sem bera lítið eða ekkert skynbragð á reglur réttarríkisins. Eiga þessir hópar jafnvel til að klæða þessar pólitísku skoðanir sínar í búning fræða og vísinda. Með skipulegum hætti leggja þeir svo gífurlegan þrýsting á dómstóla til að ná markmiðum sínum. Verður ekki betur séð samkvæmt nýjustu tölum en að þeim hafi orðið nokkuð ágengt með hjálp fjölmiðla. Virðist sem dómstólar hafi túlkað þessa háværðu umræðu fámennra hópa sem kröfu almennings um þyngri refsingar.

Auðvelt er að skilja kröfur um þyngri refsingar. Það er mannlegt að reiðast þegar við fáum upplýsingar inn í stofu á hverjum degi þar sem lýst er með nákvæmum hætti afleiðingum brots. Í reiðinni er ekki nóg að krefjast þyngri

refsingar heldur göngum við alltaf að því sem vísu, að sá sem grunaður er, sé sekur. Verður þá oftast en ekki ótímabær umfjöllun um viðkomandi, sem jafnvel er mjög meiðandi fyrir þann grunaða og fjölskyldu hans. Góð dæmi um þetta er hið fræga mál um fríðleikshundinn Lúkas og þær rannsóknir sem nú standa yfir vegna bankahrunsins.

Það eru ekki aðeins uppi hugmyndir um að þyngja refsingar og að slaka á sönnunarkröfum, heldur vilja sumir taka upp ýmis nýmæli svo hægt verði að refsa fleirum. Eitt af þessum nýmælum eru kröfur um refsingar fyrir brot á ákvæðum stjórnarskrárinnar og hafa einhverjir af nýkjörnum þingmönnum stjórnlagabingsins talið það mikilvægast við gerð nýrrar stjórnarskrár. Þá má vænta ákæru á 63 þingmenn ef samþykkt verðalög sem talin eru brjóta í bága við stjórnarskrána. Auðvitað fallast manni hendur í umræðu af þessu tagi enda er þetta gaspur og lýðskrum af verstu gerð.

Hugmyndir um þyngri og meiri refsingar bera keim af reiði og hefnd. Það er ekki vænlegt til árangurs ef hefndin

verði allsráðandi í refsipólitík. Það er kominn tíma til að kveðja víkingaöldina í þessum efnum. Refsipólitík á að taka mið af hagsmunum samfélagsins. Fullyrða má að 10 ára fangelsisdómur yfir ungum mönnum með engan sakarferil, sem reyna að framleiða eða flytja inn fíkniefni, er ekki til hagsbóta fyrir samfélagið. Fíkniefnaneysla er fyrst og fremst heilbrigðisvandamál og það er mikill misskilningur að slík vandamál verði leyst með þyngri refsingum. Það er engum til góðs að fylla hér öll fangelsi af slíkum mönnum til vistunar í lengri tíma. Líklegra er að löng refsivist geti valdið miklum skaða.

Auðvitað eiga menn sem fremja brot að finna til ábyrgðar og varnaðaráhrif refsinga er alltaf einhver. Mjög þungar refsingar leiða hins vegar til skipulagðrar brotastarfsemi sem kallar á meira ofbeldi. Það er kominn tími til vitrænnar umræðu um refsingar og refsipólitík í stað upphrópanna og pólitísku lýðskrums.

Litla  **prent**
Stórt verk lítið mál

Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogur
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is

Bæklingar / Umslög / Tölvupappír / Öll almenn prentun

Fjörugar umræður á fjölmennu málþingi um millidómstig

PANN 8. OKTÓBER sl. stóðu Lögmannafélag Íslands, Dómarafélag Íslands, Lögfræðingafélag Íslands og Ákærendafélag Íslands fyrir málþingi um stofnun sérstaks millidómstigs. Er þetta í fyrsta sinn sem félögin fjögur halda sameiginlegt málþing. Aðsóknin var með eindæmum góð enda um mikið hagsmunamál að ræða.

Þrjár lögfræðingar voru með framsögur á málþinginu. Fyrstur var Símon Sigvaldason, héraðsdómari og formaður dómstólaráðs. Rakti hann söguna og fjallaði um hvort millidómstig væri tálsýn eða raunveruleiki. Næstur tók til máls Páll Hreinsson, hæstaréttardómari og fjallaði hann um málið frá sjónarhóli dómara. Síðastur framsögumanna var Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari sem fjallaði um sjónarmið ákæruvaldsins.

Að loknum framsögum reifuðu fjórir lögfræðingar ýmis sjónarmið um

fundarefnið. Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttardómari, ræddi um hvort Hæstiréttur gæti við núverandi skipan gegnt hlutverki sínu sem fordæmisdómstóll. Ása Ólafsdóttir, hæstaréttarlögmaður og lektor við lagadeild Háskóla Íslands, fjallaði því næst um aðgengi að dómstólum við úrlausn smærri ágreiningsmála. Eva Bryndís Helgadóttir, hæstaréttarlögmaður, ræddi um þörf á millidómstigi í einkamálum og Sigurður Tómas Magnússon prófessor við Háskólann í Reykjavík fjallaði um endurskoðun á sönnunarmati í ljósi meginreglunnar um milliliðalausa sönnunarfærslu.

Einhugur fundarmanna

Eftir að frummælendur höfðu lokið máli sínu spunnust mjög líflegar umræður undir stjórn Eiríks Tómassonar fundarstjóra. Fjölmargir fundargesta tóku til máls en athygli vakti hversu mikill

einhugur ríkti í salnum um brýna nauðsyn þess að breyta skipulagi dómstólanna og koma á fót millidómstigi.

Fundarmenn voru sammála um að fyrirséð væri að dómskerfið myndi að óbreyttu ekki anna því álagi sem yfirvofandi er vegna fjölgunar munnlegra fluttra mála. Gríðarlega mikilvægt væri að séð yrði til þess að íslenskt dómkerfi réði við þau mál sem því berast og að tryggt yrði að mál sem tengjast hruni íslenska efnahagskerfisins tefjist ekki vegna skipulags dómkerfisins.

Velt var upp hugmyndum um hvernig best væri að standa að því að koma millidómstigi á laggirnar. Hvort stofna ætti nýtt millidómstig sem tæki við málum frá héraðsdómstólunum eða hvort stofna ætti nýtt dómstig sem væri þriðja og síðasta dómstigið þannig að hlutverk núverandi Hæstaréttar yrði að vera millidómstig.



Aðsókn á málþing um millidómstig fór fram úr björtustu vonum og komust færri að en vildu.



F.v. Ása Ólafsdóttir lektor við lagadeild Háskóla Íslands, Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari og Valtýr Sigurðsson ríkissaksóknari.

Nauðsyn millidómstigs

Þá kom fram að nauðsynlegt væri að Hæstiréttur væri raunverulega forðæmisgefandi dómstóll en misbrestur gæti verið á því nú þegar rétturinn starfar oftast í þriggja manna deildum. Stofnun millidómstigs gæti komið því til leiðar að í Hæstarétti sætu 5 til 7 dómarmenn sem dæmdu í öllum málum, þannig fengist samræmd forðæmisgefandi niðurstaða um gildandi rétt hverju sinni.

Þá væri nauðsynlegt í ljósi meginreglunnar um milliliðalaus sönnunarfærslu og skuldbindingum Íslands samkvæmt Mannréttindasáttmála Evrópu að koma á millidómstigi þar sem endurskoðun á mati sönnunarfærslu fyrir héraðsdómi fari raunverulega fram en vegna málaþjölda fyrir Hæstarétti leiðir nú til þess að skýrslutökur fara ekki fram fyrir Hæstarétti þrátt fyrir heimild í lögum um meðferð sakamála. Í stað þess ómerkis Hæstiréttur dóminn og vísar málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar telji Hæstiréttur annmarka vera mati héraðsdómara á munnlegri sönnunarfærslu.

Einnig var á það bent að verði millidómstigið að veruleika væri unnt að kalla til sérfróða meðdómendur á millidómstigi en við núverandi skipan getur Hæstiréttur ekki endurmetið

sérfræðilegar niðurstöður. Slík skipan myndi leiða til þess að við áfrýjun til Hæstaréttar yrði einungis skorið úr um ágreiningi varðandi lagaatriði í þröngum skilningi.

Til að tryggja að dregið yrði úr álagi á Hæstarétt yrði einungis unnt að skjóta dómum millidómstigs til Hæstaréttar til endurskoðunar á lagaatriðum og ákvörðunum viðurlaga. Sönnun kæmi því ekki til endurskoðunar fyrir Hæstarétti og rannsóknarúrskurðir og kærumál kæmu til endanlegrar úrlausnar á millidómstigi.

Áskorun til stjórnvalda

Ögmundur Jónasson dómsmálaráðherra, sem var gestur fundarins, flutti ávarp í upphafi málfingsins og tók aftur til máls í lokin. Af innleggi ráðherrans var ljóst að hann sýndi málinu mikinn áhuga og skilning og enn fremur að honum var ljóst hversu brýnt það er að breyta skipulagi dómskerfisins til að bregðast við aðsteðjandi álagi áður en í óefni er komið.

Í kjölfar málfingsins sendu stjórnir félaganna fjögurra dómsmálaráðherra áskorun um að beita sé fyrir því að stofnað verði millidómstigi í einkamálum og sakamálum fyrir 1. júlí 2011. Er það von félaganna að stjórnvöld bregðist hratt og vel við og þeirri réttarbót sem



Ögmundur Jónasson dómsmála- og mannréttindaráðherra og Eva Bryndís Helgadóttir hrl.

fólgin er í stofnun millidómstigs verði komið á fót án frekari tafa.

Kristín Edwald hrl.



Nýjar bækur á bókasafni

Höfundar

Agasha Mugasha

Alistair Lindsay

Andreew Stilton

Ane Maria Röddik Christensen

Ben J.M. Terra og fleiri

Birgitte Kofod Olsen og Rikke Frank Jörgensen

Claus Brynildsen og fleiri

Constand de Koninck og Thierry Ronse

Dennis Weber

Erling Borchter og Frank Böggild

Ingeborg Schwenzer

Jens Schovsbo og Morten Rosenmeier

Jesper Lau hansen

Jon Bing

Jonathan Faull og Ali Nikpay

Jurgen Basedow

Karen-Margrethe Schebye

Lionel Bently og Brad Sherman

Lise Groesmeyer og Michel Steinicke

Lone L. Hansen

Luc Thevenoz og fleiri

Martijn Van Empel

Michael W. Huhler, Thomas H. Webster

Michael Whailey og fleiri

Morten P. Broberg og Niels Fenger

Ole Hasselbalch

Oskar henkow

Paul Craig og fleiri

Paul Krüger Andersen

Paul Krüger Andersen og Nis Jul Clausen

Paul Krüger Andersen og Nis Jul Clausen

Peer Schaumburg-Muller og Erik Werlauff

Peer Schaumburg-Muller og Erik Werlauff

Philip R. Wood

Philip R. Wood

Roger Blanpain

Roger Blanpain og fleiri

Spyros M. Maniatis

Bókartitill

The Law of Multi-Bank Financing Syndicated Loans and the Secondary Loan Market.

The EC Merger Regulation: Substantive Issues
Sale of Shares and Businesses

Judicial Accommodation of Human Rights in the European Union
European Tax Law,

Overvågning eller omsorg- Privatlivets grænser

Forsikringsavtaleloven

European Public Procurement Law. Útg. 2008

The Influence European Law on Direct Taxation: Recent and Future
Developments

Markedsføringsloven

Commentary on the UN Convention on the International Sale of Goods.

Immaterielret

Værdipapirhandelsloven bd. 1-2, 5. udg.

Ansvar for ytringer på nett

The EC law of Competition,

Private Enforcement of EC Competition Law

Ansættelsesaftaler-Paradigma

Intellectual Property Law.

EU' s Udbudsdirektiver.

International fusion og spaltning

Conflicts of Interest: Corporate Governance and Financial Markets

Financial Services in Europe: An Introductory Overview

Handbook of ICC Arbitration: Commentary, Precedents, Materials. 2.útg.2008

International Business Acquisitions: Major Legal Issues and Due Diligence.

Præjudicielle forelæggelser for EF-Domstolen

Foreningsret,

Financial Activities in European VAT: Theoretical and Legal Research of the
European VAT system and Preferred Treatment of Financial Activities

EU Law, Text, Cases and Materials.

Aktie- og anpartsselskabsret 11.udg. Kapitalselskabsret

Börsretten I, regler og markedsaktører.

Börsretten II, oplysninger, overtagelsestibud og markedsføring.

Werlauffs kommenterede Aktieselskabslov.

Börs- og kapitalmarkedsret

Project Finance, Securitisations and Subordinated Debt

Regulation of International Finance

European Labour Law 12th revised edition

The Future of Sports Law in the European Union: Beyond the EU Reform Treaty
and the White paper

Trade Marks in Europe: A Practical jurisprudence

Trade Marks in Europe: A Practical jurisprudence

Nýtt þáttökumet á námskeiðum

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS heldur árlega 20-25 námskeið fyrir félagsmenn sína. Stjórn námssjóðs ákveður hvaða námskeið eru haldin hverju sinni en dagleg verkstjórn er í höndum starfsmanns félagsdeildar. Árið 2010 sóttu 393 þátttakendur námskeiðin sem er nýtt þáttökumet en alls eru félagsmenn LMFÍ um 870.

Námskeið haustannar fóru seint af stað að þessu sinni. Alls voru auglýst níu námskeið en eitt var fellt niður vegna dræmrar þátttöku. Síðustu ár hefur námskeið um skipti þrotabúa verið haldið reglulega og að þessu sinni eru tæplega 40 þátttakendur. Svipuð þátttaka var á námskeiði um árangursríkan málfutning þar sem Sigurður Tómas Magnússon, Ingveldur Einarsdóttir og Gestur Jónsson miðluðu af reynslu sinni úr réttarsalnum.

Heimasíða og félagatal

Heimasíða félagsins er mikið notuð af almenningi sem leitar sér lögmannsaðstoðar og er hlutverk hennar marg-

þætt. Í fyrsta lagi koma nöfn allra starfandi lögmannna fram á leitarvélum í gegnum síðuna en ekki einungis þeirra sem eru með eigin heimasíður. Í öðru lagi auðveldar Lögmannalistinn á heimasíðunni leit almennings að lögmanni eftir málaflokkum en lögmenn þurfa að skrá sig sérstaklega á hann. Kostnaður við hvern skráðan yfirflokk er kr. 1200,- á ári fyrir meðlimi félagsdeildar, en kr. 1600,- fyrir aðra lögmenn, svo ódýrari auglýsingu á þjónustu lögmannna er vart hægt að fá. Í þriðja lagi eru dómstólarnir tengdir við félagatal LMFÍ með rafrænum hætti þannig að dómarar sækja þangað upplýsingar um lögmenn sem eru með virk réttindi. Því skiptir miklu máli að allar upplýsingar í félagatali, s.s. símanúmer og netföng séu rétt.

Nýjar bækur á bókasafn

Erlendar bækur hafa ekki verið keyptar inn á bókasafn LMFÍ frá árinu 2008 vegna óhagstæðs gengis en nú hefur verið gerð bragarbót á. Á öðrum stað

Ár	Fjöldi þátttakenda
2006	158
2007	203
2008	222
2009	348
2010	354

hér í blaðinu er listi yfir á sjötta tug nýrra erlendra bóka sem safnið hefur nú keypt inn en til stendur að gera aðra stóra pöntun á vorönn.

Félagsmenn eru hvattir til að nýta sér aðstöðu bókasafnsins. Þeir geta m.a. fengið aðgang um helgar til að stunda fræðin en öðrum, lögfræðingum og laganemum, er velkomið að nota safnið á opnunartíma skrifstofu.

Félagsdeild óskar lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Eyrún Ingvadóttir

Rannsókn á misferli



Fjársvik og misferli af ýmsum toga er oft fylgifiskur breytilegs viðskiptaumhverfis og er ógn við heilbrigðan fyrirtækjarekstur. KPMG aðstoðar skiptastjóra og lögmenn við rannsókn á meintu misferli.

Nánari upplýsingar veitir:

Helga Harðardóttir

s. 545 6204, hhardardottir@kpmg.is

kpmg.is

AUDIT ■ TAX ■ ADVISORY



Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar,

Dóm- og skýrslutöktutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dóm túlkur og skjalaþýðandi.

Brautarholti 28 • 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: elleningosimnet.is



Um gæði laganáms

FORMAÐUR L.M.F.Í., Brynjar Níelsson hrl., ritaði grein í 3. tbl. Lögmannablaðsins 2010 undir fyrirsögninni „laganám“. Ástæða er til að taka undir þau sjónarmið Brynjars, sem fram koma í greininni, að standa beri vörð um gæði laganáms hér á landi, ekki síst grunnnámsins. Okkur kann hins vegar, eins og rakið verður síðar, að greina á um hvernig það verði best gert.

Virkt eftirlit með gæðum laganáms.

Að sögn Brynjars er hann áhugamaður um að gerð verði úttekt á gæðum laganáms hér á landi enda hafi slíkt úttekt, svo honum sé kunnugt um, ekki farið fram.

Lagaeild Háskólans í Reykjavík (HR) hefur á undanförunum árum farið í gegnum þrjár gæðaúttektir, sem framkvæmdar hafa verið af sérfræðingum utan HR (ytra gæðamat). Þá er ekki talin með skýrsla Ríkisendurskoðunar frá júní 2007 um kostnað, skilvirkni og gæði háskólakennslu en í henni var m.a. leitast við að bera saman nokkur atriði er vörðuðu kennslu í lögfræði í Háskólanum á Akureyri, Háskólanum á Bifröst, Háskóla Íslands og HR. Um þá skýrslu hefur verið þegar verið fjallað ítarlega í fjölmiðlum og ekki ástæða til færa þá umræðu á síður Lögmannablaðsins.

Fyrsta eiginlega gæðaúttektin fór fram á árinu 2007, í framhaldi af setningu nýrra háskólalaga, sbr. 3. gr. laga nr. 63/2006 og var hún hluti af mati og

viðurkenningu á félagsvísindasviði HR. Í niðurstöðum matsins, sem birtust í janúar 2008 og eru aðgengilegar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins (http://www.menntamalaraduneyti.is/haskola_visindamal/mat-og-uttekta), var m.a. lýst yfir ánægju með hæfniskröfur við nýráðningar og framgang akademískra starfsmanna, innra gæðakerfi vegna kennslu og rannsókna og námsmarkmið vegna einstakra námskeiða og námsins í heild. Ánægjulegt var hversu jákvæða umsögn akademískir starfsmenn lagaeildar HR fengu en þeir voru sagðir „well –qualified to deliver high quality teaching and reserach“.

Lagaeild HR fékk á árinu 2009 heimild til að bjóða doktorsnám og var heimildin veitt að undangengnu ítarlegu ytra gæðamati. Niðurstöður matsins frá arpíl 2009 eru aðgengilegar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Niðurstöðurnar eru um margt afar jákvæðar og undirstrika m.a. góða akademíska stöðu deildarinnar og verulegan rannsóknarstyrk með áherslu bæði á innendar og aðjódlegar birtingar. Ég veit að óparfi er að minna lesendur Lögmannablaðsins á mikilvæg tengsl kennslu og rannsókna og hvernig gæði í þessum höfuðþáttum háskólastarfsins eru samtvinnuð.

Á yfirstandandi ári hefur á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins farið fram mjög umfangsmikil úttekt á gæðum kennslu og rannsókna við allar íslensku lagaeildirnar, sbr. nánar reglur um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna í háskólum nr.

321/2009. Úttektin hefur m.a. náð til tengsla rannsókna og kennslu, breiddar og dýptar námsins, umfangs þess og nýtingar, alþjóðlegs samanburðar, kennsluhátta, námskrafna og námsmats, þróunar námsins og framtíðasýnar og hvernig nemendum hefur vegnað að námi loknu. Lagaeildir háskólanna hafa af þessu tilefni samið og lagt fyrir matsnefndina ítarlegar sjálfsmatsskýrslur auk þess sem nefndin hefur heimsótt allar deildirnar og átt fundi og samtöl við fulltrúa nemenda, kennara og annarra starfsmanna. Niðurstöðurnar eru væntanlegar í lok þessa árs eða snemma á næsta ári og verða þær gerðar opinberar.

Í allri umræðu um úttektir á háskólastarfi og gæði þess verður að hafa í huga að háskólarnir eru allir með virkt innra gæðakerfi. Þannig skiptist gæðakerfi HR í fjóra hluta þ.e. nám og kennslu, rannsóknir, akademíska starfsmenn og stoðþjónusta. Kerfið var endurskoðað og skjalfest í núverandi mynd 2009. Of langt mál yrði að lýsa þessu gæðakerfi í stuttri blaðgrein en svo dæmi sé tekið til skýringa þá er gæðakerfi náms og kennslu, hvað lagaeild HR varðar, ætlað að tryggja gæði náms við deildina með reglubundnu mati, úttektum og eftirliti. Áhersla er lögð á nýsköpun í kennslu, fjölbreytni í kennsluáferðum, mat á kennslu og mat á frammistöðu nemenda. Lykilferli í gæðakerfi kennslu eru ferli fyrir samþykkt nýrra námsbrauta, reglubundið kennslumat í öllum námskeiðum (tvisvar á önn) ásamt eftirfylgni, kennsluþjálfun

og námskeið fyrir kennara, og söfnun ýmissa tölfraðiupplýsinga og mælinganiðurstaðna sem varða nám og kennslu.

Það laganám sem ég þekki best til í dag er byggt á norrænum grunni, ef svo má að orði komast. Námið er mjög krefjandi hvað umfang og inntak varðar. Í því sambandi er rétt að hafa í huga að laganemum er í dag ætlað að ljúka 30 ECTS einingum á hverri önn eða að jafnaði 2 ECTS einingum á viku miðað við 15 vikna kennsluannir. Hver ECTS eining á að endurspeglar 25 -30 vinnustundir hjá nemanda. Vinnuvikan á því að jafnaði að vera 50-60 klst. a.m.t. tímasókn. Ég leyfi mér að fullyrða að kröfur til nemenda a.m.k. þar sem ég þekki til séu í samræmi við þessi viðmið og getur nú hver og einn litið í eigin barm og borið saman við eigin reynslu í laganámi.

Hvernig hefur útskrifuðum nemendum vegnað?

Lagadeild HR hefur frá því að deildin útskrifaði fyrsta hópinn úr meistaranámi haustið 2007 fylgst reglulega með hvernig útskrifuðum nemendum hefur vegnað. Hefur það verið gert bæði með faglegum almennum könnunum og samtölum við nemendur og þá sem ráðið hafa nemendur okkar til starfa. Kannanir sýna að fyrirverandi nemendur okkur telja að námið sem þau fengu við lagadeild HR hafi nýst þeim vel í starfi (http://www.hr.is/rit/alumniskyrsla_LD/). Viðbrögð vinnuveitenda hafa bent til hins sama.

Upplýsingar um laganám.

Ég vil skora á lesendur Lögmannablaðsins að kynna sér skipulag og inntak þess laganáms sem boðið er uppá hér á landi. Þær upplýsingar eru vel aðgengilegar á netinu (sjá hvað HR varðar: www.ru.is/deildir/lagadeild/). Ég er sannfærður um að sú skoðun mun færa lesendum heim sanninn um að námið er almennt krefjandi og vandað og síst lakara en það nám sem til boða stóð fyrir tilkomu nýju lagadeildanna „uppúr

aldamótunum síðustu“. Er ég þá ekki að gera lítið úr því námi sem til boða stóð fyrir fjölgun lagadeildanna og að sögn færði nemendum „mikla færni og getu til að sinna flóknum lögfræðilegum verkefnum“.

Að mati undirritaðs er full ástæða til að treysta starfsmönnum lagadeilda hér á landi fyrir gæðum laganámsins. Til þess hafa þeir bæði menntun og reynslu. Faglegar gæðaúttektir er því til staðfestu. Í því sambandi er rétt að hafa í huga og leggja áherslu á að meðal starfsmanna lagadeildanna eru einstaklingar með mikla reynslu af störfum lögmannanna og dómara og af störfum í stjórnýslunni. Öll málefnaleg umræða um laganám, hvort sem það er á vettvangi Lögmannafélagsins eða annar staðar, er hins vegar jákvæð og veitir nauðsynlegt aðhald.

Sá sem þetta ritar lætur af störfum forseta lagadeildar HR um komandi áramót. Ég vil nota tækifærið til að þakka öllum þeim fjölmörgu lögmönnum sem lagt hafa deildinni ómetanlegt lið, allt frá stofnun hennar og meðan á undirbúningi stóð, mínar innilegustu þakkir. Mér telst til að í dag komi u.þ.b. 30 stundakennarar og aðjúnktar við deildina úr röðum starfandi lögmanna. Framlag þeirra til lagakennslu ber lögmannstéttinni gott vitni.

RÝMI - fyrir alla muni með lausnum frá Rými

Það sparast pláss og tími

Rými býður óteljandi lausnir fyrir skrifstofur, skóla og bókasöfn:

- Skjalaskápar
- Teikningaskápar
- Starfsmannaskápar
- Geymsluhillur
- Bókasafnsbúnaður

Íslenskt framleiðsla

Rými Ófnasmíðjan ehf
Skemmuvegur 6 Kópavogur
Sími : 511-1100
www.rymi.is

Mikilvægi sundurliðunar reikninga

15. gr. Lögmanni ber að láta skjólstæðingi í té sundurliðaðan reikning yfir verkkostnað í hverju máli. Sé þóknun áskilin á grundvelli tímagjalds skulu upplýsingar veittar úr tímaskýrslu ef eftir þeim er leitað.

Í MÁLI NR. 2/2009 komst úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu það hafi verið aðfinnsluverð vanræksla lögmanns að hafa ekki orðið við kröfu kæranda um að fá sundurliðaðan reikning og skýringar á uppgjöri. Hafi slíkt brotið gegn 15. gr. síðareglna lögmannna.

Kærandi taldi að lögmaður hans hefði ofkrafið hann um málskostnað vegna vinnu sinnar og gerði því kröfu um að fá hluta hans endurgreiddan. Lögmaðurinn hafði rekið héraðsdómsmál fyrir kæranda vegna innheimtu

tryggingabóta. Málinu var síðan áfrýjað til Hæstaréttar en áður en það var flutt fyrir réttinum náðust sættir milli aðila um viðurkenningu bótaskyldu og greiðslu bóta. Niðurstaða sáttarinnar var sú að kærandi fengi greiddar 4,1 milljón króna frá tryggingafélaginu og 995.000 krónur í málskostnað. Voru fjármunirnir lagðir inn á fjárvörslureikning lögmannsins sem greiddi kærða kr. 3.592.199 sem uppgjör á hinum innheimtu bótum. Kærandi var ósáttur við þessa niðurstöðu og óskaði eftir skýringum og sundurliðuðum reikningi fyrir öllum málskostnaðinum. Kærandi sætti sig ekki við skýringar lögmannsins og fyrir úrskurðarnefndinni gerði hann þær kröfur að fá endurgreiddar eftirstöðvar bótageiðslunnar að fjárhæð kr. 507.801.

Þar sem engin tímaskýrsla eða upplýsingar úr tímaskýrslu lágu

fyrir í málinu, þrátt fyrir tilmæli úrskurðarnefndarinnar til lögmannsins að senda nefndinni slík gögn, varð nefndin að miða við önnur gögn málsins til að leggja mat á hvort endurgjald lögmannsins teldist hæfilegt. Af tölvupóstsamskiptum aðila varð ekkert ráðið um að lögmaðurinn hefði upplýst kæranda um að hann áskildi sér herra endurgjald en sem næmi hinum tildæmda málskostnaði sem samkomulag var um að tryggingafélagið greiddi. Nefndin taldi því hæfilegt endurgjald lögmannsins fyrir málflytningssköf í þágu kæranda við innheimtu tryggingabótanna nema þeim 995.000 krónum sem héraðsdómur hafði dæmt og sátt milli aðila hljóðaði um. Var hinum kærða lögmanni því gert að greiða kæranda 507.801 krónu.

*Ingvi Snær Einarsson bdl.
tók saman.*

40 útskrifast með héraðsdómslögmannsréttindi

ÞANN 12. NÓVEMBER s.l. fór fram útskrift af námskeiði til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður en um var að ræða seinna námskeiðið af tveimur sem haldið var á árinu 2010. Alls útskrifuðust 40 lögfræðingar að þessu sinni, 22 konur og 18 karlar, en þetta er í fyrsta sinn um langt árabil sem fleiri konur útskrifast en karlar.

Til fróðleiks má geta þess að af þeim 44 sem þreyttu próf á fyrri hluta námskeiðsins í fyrsta sinn náðu 26 þátttakendur, eða 59%, fullnægjandi árangri, en 18 þátttakendur, 41%, þurfa að reyna á nýjan leik. Þá náðu 17 þátttakendur af 26, eða 65%, sem skráðir voru í endurtektarpróf fullnægjandi árangri.





Af Merði lögmanni

Mörður lögmaður hefur fylgst með stjórnámálum frá barnæsku. Hann man tímuna tvenna á þeim vettvangi og hefur í gegnum tíðina skráð hjá sér ýmsar athugasemdir um menn og málefni. Merði finnst hann að þessu leyti hafa verið fyrirrennari þeirra sem nú eru kallaðir blogggarar en ólíkt þeim ætlar hann að geyma sér það til betri tíma að birta hugleiðingar sínar. Í stjórnámálum snýst jú allt um réttar tímasetningar.

Þrátt fyrir djúpstæðan áhuga á lýðræðinu hefur Mörður aldrei gefið kost á sér í eitt eða neitt. Þótt margir komi jafnan að máli við Mörð fyrir kosningar og prófkjör þá hefur aldrei neinn haft orði á því að hann ætti að bjóða sig fram. Af þessum sökum hefur Mörður alltaf haft hálfgerðan ímigust á stjórnmalaflokkunum og starfi þeirra. Mörður rekst ekki vel í flokki, hann er sjálfs síns herra og hvorki þræll né fangi þeirrar skoðanakúgunar sem viðgengist hefur í fjórflokknum áratugum saman.

Síðastliðið sumar kviknaði grár pólitískur fiðringur innra með Merði. Þegar ákveðið var að boða til kosninga á svokallað stjórnlagagæing fannst Merði sem tímarnir hefðu ákallað sig, persónukjör og eitt kjördæmi fyrir landið allt – á slíkum vettvangi gæti hann fótað sig og blómstrað í sinni eigin pólitík, óháður viðbjóðslegum klækjum og óheiðarleika hins fúna flokkakerfis.

Undirbúningur að framboði Marðar hófst síðla sumars og allt var til reiðu þegar kom fram í september. Framboð sitt hugðist Mörður tilkynna með áhrifameiri hætti en margir kynnu að búast við. Hann yrði að kynna það á sínum eigin heimavelli, fyrir sínu fólki. Hafði Mörður því ákveðið að framboðið yrði kynnt með sérstökum viðhafnarpistli í Lögmannablaðinu, þar sem Mörður hefur átt sinn fasta sess árum saman.

Það var því mikil eftirvænting í brjósti Marðar þegar hann reif plastið utan af septembertölublaði Lögmannablaðsins, þar sem framboðsgreinin og fínu myndirnar sem hann hafði látið taka af sér í sérstökum þar til gerðum klefa í Kringlunni biðu þess á besta stað í blaðinu að hann og aðrir lesendur fengju að líta þær augum.

Eftir að hafa flett blaðinu fram og til baka í sífelld vaxandi örvæntingu, rann upp fyrir Merði að pistillinn var ekki í Lögmannablaðinu! Örvæntingin breyttist í undrun, svo sár vonbrigði og að lokum í reiði. Hver í ósköpunum hafði tekið sér það vald að fótum troða rétt hans til birtingar á framboðsgreininni í Lögmannablaðinu?! Skjálíandi af bræði snéri hann skífusímanum: 5 ... 6 ... 8 ... 5 ... 6 ... 2 ... 0. Það hringdi lengi en svo var svarað.

Mörður treystir sér ekki til endurtaka hér þau orð sem hann lét falla í þessu símtali. Þær skýringar sem Mörður fékk hjá Lögmannafélaginu á því svívirðilega ofbeldi sem hann hafði verið beittur af hálfu ritstjórn Lögmannablaðsins voru ekki upp á marga fiska: Að ritstjórn blaðsins hefði ekki viljað birta pistilinn út frá jafnræðissjónarmiðum, þar sem fleiri lögmenn yrðu í framboði til stjórnlagagæings. Merði féllust hendur. Ef hann gat ekki vænst stuðnings hjá sínu eigin félagi, sínu eigin málgagni, sínu eigin fólki, hvaða tilgangi þjónaði það þá að bjóða sig fram? Lagði hann öll áform um framboð á hilluna þennan sama dag. Hann fór með blöðurnar, nælurnar, dreifimiðana, veggspjöldin og annað sem hann hafði útbúið allt saman á haugana. Og minntist ekki á framboðið við nokkurn mann.

Það eina sem gladdi Mörð í tengslum við stjórnlagagæingið var háðuleg útreið félaga hans úr Lögmannafélaginu í kjörinu. Eiginlega var Mörður feginn svona eftirá að hafa verið útskúfaður með þeim hætti sem gert var af hálfu ritstjórnar Lögmannablaðsins og ákvað hann að erfa ekki ósómann.



Evrópudómstóllinn segir sitt síðasta orð

Deila um haldlagningu á gögnum sem falla undir trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings

EFTIR MARGRA ÁRA réttaróvissu hefur Evrópudómstóllinn í nýlegu máli Akzo Nobel Chemicals Ltd. og Akcros Chemicals Ltd. gegn framkvæmdastjórninni¹ skorið úr um það að gögn milli innanhússlögmanns og fyrirtækja njóti ekki sömu verndar við húsleit og haldlagningu framkvæmdastjórnarinnar og gögn milli sjálfstætt starfandi lögmanns og skjólstæðinga þeirra. Dómurinn rennir þannig traustum stoðum undir núverandi málsmeðferðarreglur framkvæmdastjórnarinnar við haldlagningu í samkeppnismálum. Þess er að vænta að Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) muni fylgja þeim reglum við húsleit og haldlagningu ESA á Íslandi þegar um er að ræða meint brot á samkeppnisreglum EES-samningsins.

Málavextir

Árið 2003 gerði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins húsleit hjá m.a. fyrirtækinu Akzo Nobel vegna rannsóknar á meintu broti á samkeppnisreglum. Þegar fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar gerðu sig líklega til þess að leggja hald á tölvupósta milli innanhússlögmanns og annarra starfsmanna sama fyrirtækis var því haldið fram af hálfu fyrirtækisins að gögnin væru undanþegin þar sem þau féllu undir

trúnaðarsamband lögmanns og skjólstæðings. Gögnin voru því sett í umslag sem síðan var innsiglað þar til dómstóll gæti metið stöðu þeirra.

Þegar málið var flutt á fyrsta dómstigi Evrópudómstólsins vonuðu margir innanhússlögmenn að dómstóllinn myndi hverfa frá fordæmi sínu í máli AM & S gegn framkvæmdastjórninni frá 1982² og slá því föstu að takmarkanir á haldlagningu vegna trúnaðarsambandsins næðu ekki aðeins til gagna milli sjálfstætt starfandi lögmanns og skjólstæðinga þeirra, heldur einnig til gagna milli innanhússlögmanns og fyrirtækja. Það olli því mörgum vonbrigðum þegar dómstóllinn staðfesti fyrri túlkun sína frá máli AM & S með dómi í máli Akzo ofl. gegn framkvæmdastjórninni.³

Það kom því ekki á óvart þegar þessari niðurstöðu var áfrýjað til annars dómstigs Evrópudómstólsins. Þar staðfesti síðan fjölskipaður dómur (13 dómáttar) þann 14. september sl. að takmarkanir á haldlagningu vegna trúnaðarsambandsins nái aðeins til gagna milli sjálfstætt starfandi lögmanns og skjólstæðinga þeirra en ekki til gagna milli innanhússlögmanns og fyrirtækja. Takmörkunin, sem hefur verið gagnrýnd mikið, er því óumdeild í dag.

Rökstuðningur dómstólsins

Í rökstuðningi vísar dómstóllinn til niðurstöðu sinnar í máli AM & S og undirstrikar að gögn milli lögmanns og skjólstæðinga séu vernduð samkvæmt Evrópurétti að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.

Í fyrsta lagi verði gögnin að tengjast rétti skjólstæðings til þess að halda uppi vörnum í máli með vísan til grundvallarreglunnar um réttindi allra til þess að geta haldið uppi vörnum í máli.

Í öðru lagi verði gögnin að eiga rót sína að rekja til samskipta sjálfstætt starfandi lögmanns við skjólstæðinga sína. Í því sambandi leggur dómstóllinn ríka áherslu á það að innanhússlögmenn séu bundnir skjólstæðingi sínum með vinnusambandi. Þó að innanhússlögmaður sé félagi í lögmannafélagi síns heimalands og lúti þar með siðareglum þess félags þá nýtur hann ekki sama sjálfstæðis í sínu starfi eins og sjálfstætt starfandi lögmaður. Samkvæmt dóminum hefur innanhússlögmaður þess vegna takmarkaðra svigrúm til þess að bregðast við ef upp koma hagsmunaárekstrar milli siðareglanna og markmiða síns vinnuveitenda.

Þýðing dómsins fyrir íslenska lögmennt

Reglan um trúnaðarsamband lögmannna og skjólstæðinga er lögfest með 1. mgr. 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt. Þá taka ákvæði 2. másl. 1. mgr. 68. gr. og b-liðar 2. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til haldlagningar á gögnum í vörslum lögmanns. Það hefur lítið sem ekkert reynt á túlkun á inntaki meginreglunnar fyrir íslenskum dómstólum. Álitafnið kom þó til kasta Hæstaréttar í máli 80/2009 en þar segir dómurinn aðeins að [...*Ekki hefur verið sýnt fram á að umrædd skjöl hafi að geyma trúnaðarupplýsingar skjólstæðings til lögmanns um einkahagi sína. Er því ekki fyrir bendi sú aðstaða sem um ræðir í b. lið 2. mgr. 119. gr. laga nr. 88/2008. Þá verður heldur ekki talið að tilvitnuð ákvæði stjórnarskrár standi þessari niðurstöðu í vegi.*]. Reglan um trúnaðarsamband lögmannna og skjólstæðinga er hins vegar rótgróin í rétti flestra Evrópuríkja þar sem það hefur einnig verið skilgreint nákvæmlega hvort að innanhússlögmenn njóti sömu verndar við haldlagningu gagna og sjálfstæðir lögmennt.

Þess má geta til fróðleiks að í Noregi hefur inntak reglunnar verið mótað af dómafrankvæmd og eru gögn bæði innanhússlögmanna og sjálfstæðra lögmannna undanþegin haldlagningu við húsleit norskra yfirvalda. Skilyrðið er að gögnin eigi rót sína að rekja til ráðgjafar lögmanns til skjólstæðings og ekki t.d. starfa lögmanns sem stjórnarmanns í fyrirtæki eða fasteignasala. Hafa norskir dómstólar því lagt meiri áherslu á *hvaða skyldum* lögmaðurinn gegndi þegar honum var trúað fyrir þeim gögnum sem eru andlag haldlagningar í stað þess að draga mörkin við það hvort að gögnin séu milli sjálfstæðra lögmannna og skjólstæðinga þeirra, eða innanhússlögmanna og skjólstæðinga þeirra. Þegar ESA aftur á móti rannsakar meint brot norskra fyrirtækja á samkeppnisreglum EES-samningsins mun ESA taka mið af niðurstöðu Evrópu-

dómstólsins í Akzo-málinu og leggja hald á gögn milli innanhússlögmanna og fyrirtækisins.

Íslensk samkeppnislög miða að því að koma á sama samkeppnisumhverfi á Íslandi og er á öllu EES-svæðinu. Samkvæmt 22. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 er ESA heimilt að framkvæma vettvangsskoðun hér á landi, enda sé fylgt þeim reglum sem settar eru í bókun 3 og 4 með samningnum um eftirlitsstofnun og dómstóla EFTA, um störf og valdsvið ESA á sviði ríkisaðstoðar og samkeppni. Við vettvangsskoðun ESA á Íslandi gilda því málsmeðferðarreglur ESA. Þær reglur endurspeglar málsmeðferðarreglur framkvæmdastjórnarinnar. Mun ESA því hafa hliðsjón af niðurstöðu dómstólsins í Akzo málinu ef íslenskt fyrirtæki ber fyrir sig að gögn séu undanþegin rannsókn vegna þess að þau falli undir trúnaðarsambandið. Við rannsókn ESA á meintu broti íslenskra fyrirtækja á samkeppnisreglum EES-samningsins mun ESA því *ekki* leggja hald á gögn sem falla undir trúnaðarsamband sjálfstætt starfandi lögmanns og skjólstæðings hans að því gefnu að gögnin tengist rétti skjólstæðings til þess að halda uppi vörnum á máli.

Að lokum verður að undirstrika mikilvægi þess að fyrirtæki setji sér skýrar leiðbeiningarreglur í þeim tilgangi að vera viðbúin húsleit samkeppnis-yfirvalda. Leiðbeiningarnar verða að taka til eftirfarandi:

Í fyrsta lagi verður fyrirtækið að krefjast upplýsinga um það á hvaða grundvelli húsleitin sé gerð, þ.e. hvort það sé ESA og/eða Samkeppniseftirlitið

sem framkvæmir húsleitina. Þetta getur haft afgerandi áhrif við mat á því hvort að ákveðin gögn séu undanþegin haldlagningu eða ekki.

Í öðru lagi er mikilvægt að halda aðgreindum gögnum sem stafa frá samskiptum við sjálfstæða lögmennt og gögnum sem stafa frá samskiptum við innanhússlögmenn.

Í þriðja lagi er mikilvægt að fulltrúar fyrirtækisins krefjist þess að gögn, sem vafi leikur á hvort að séu undanþegin haldlagningu eða ekki, séu lögð í innsiglað umslag án þess að fulltrúar samkeppnis-yfirvalda fái að lesa yfir gögnin. Síðan skal leita úrlausnar dómstóls um það hvort að umrædd gögn séu undanþegin haldlagningu.

1. Mál C-550/07 P frá 14. september 2010.
2. Mál 155/79 frá 18. maí 1982.
3. Sameiginleg mál Akzo Nobel Chemicals Ltd. og Akros Chemicals Ltd. gegn Framkvæmdastjórninni T-125/03 og T-253/03. Sjá umfjöllun höfundar um málið í 4. tbl. Lögmannablaðsins 2007.

–Höfundur er lögmaður á sviði samkeppnis- og Evrópuréttar hjá norsku lögmannsstofunni Thommessen.



Landsbankinn



Óskum lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og fríðar

Óskum lögmönnum og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla, árs og fríðar



Lögfræðistofa Reykjavíkur

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA



LÖGMENN THORSPLANI



LÖGFRÆÐISTOFA
SUÐURNESJA
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA SÍÐAN 1960

Lögmannsstofa Jóns G. Briem hrl.
Skipholti 50b • 105 Reykjavík



Lögmannsstofa
Law Firm



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 - Fax 414 4101 - www.law.is

LÖGMENN

JÓNAS & JÓNAS ÞÓR



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is